# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

182. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 4. ÁGÚST 2017




Fólk á öllum aldri sótti gönguna Reykjavík sem ekki varð í miðborginni í gær. Fóru þar Anna Dröfn Ágústsdóttir sagnfræðingur og Guðni Valberg arkitekt yfir byggingarsögu nokkurra opinberra bygginga sem risu í miðbænum, með áherslu á það sem aldrei varð. Þau eru höfundar bókarinnar Reykjavík sem ekki varð. Kom hún út árið 2014. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

## Yfir þrjátíu kvartað undan lögreglu í ár

Nefnd um eftirlit með lögreglu fylgist með því að mál fari ekki undir teppið eða ofan í skúffu, segir formaður nefndarinnar. Kærur á hendur lögreglu voru 184 á árunum 2011-2016. Í aðeins sjö tilvikum var ákæra lögð fram eða tæp 4 prósent.

**LÖGREGLUMÁL** Sérstakri nefnd um eftirlit með lögreglu hafa borist 33 formleg erindi frá því hún tók til starfa þann 1. janúar síðastliðinn. „Við fylgjumst með gangi einstakra mála og getum tekið þau til meðhöndlunar eftir á, til dæmis ef við teljum tilefni til annarra viðbragða en viðhöfð voru og beinum því til viðkomandi embætta eða ef við teljum að eitthvað þurfi að laga til framtíðar," segir Trausti Fannar Valsson, formaður nefndarinnar.

Hlutverk nefndarinnar er að taka við tilkynningum sem varða ætlaða refsiverða háttsemi lögreglumanna, starfsaðferðir lögreglu eða framkomu starfsmanna lögreglumanna. Nefndin hefur ekki sjálfstætt rannsóknarhlutverk en vísar málum til meðferðar hjá viðeigandi embættum innan réttarkerfisins.

Hlutverki nefndarinnar er ekki lokið þótt erindi hafi verið sent til meðferðar hjá saksóknara eða tilteknum lögregluembættum, segir Trausti Fannar.

„Nefndinni er falið að fylgjast með því að mál séu ekki látin niður falla; þau fari ekki undir teppið eða ofan í skúffu."

Af þeim 184 málum sem kærð voru á árunum 2011 til 2016, vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi lögreglumanna, leiddu einungis sjö mál til ákæru, eða tæp fjögur prósent, samkvæmt upplýsingum frá Ríkissaksóknara og héraðssaksóknara.

Stærstur hluti þessara kærumála varðar handtökur eða aðrar þvingunarráðstafanir sem lögregla beitir en þau varða líka meint auðgunarbrot lögreglumanna, misnotkun á tækjabúnaði, þagnarskyldubrot og fleira. Spurður hvort tilkoma nefndarinnar sé líkleg til að hafa áhrif á afdrif mála af þessum toga, leggur Trausti Fannar áherslu á að nefndin geti ekki endurskoðað eða breytt ákvörðun saksóknara um hvort gefa skuli út ákæru í máli. Hins vegar geti nefndin, auk almennra tilmæla um verklag, beint því til yfirmanna hjá lögregluembættum að taka til skoðunar hvort beita eigi tiltekna starfsmenn einhverjum agaviðurlögum, eins og áminningum, segir Trausti Fannar og bætir við að árangur af starfi nefndarinnar komi ekki í ljós strax heldur þurfi að sjá tölulegar upplýsingar næstu ára til að hafa samanburð. – aá

## Ágúst krefst formennsku yfir trúfélagi Zúista

**TRÚFÉLÖG** Ágúst Arnar Ágústsson, einn stofnenda trúfélagsins Zuism, hefur kvartað til umboðsmanns Alþingis vegna tafa á afgreiðslu Sýslumannsembættisins á Norðurlandi eystra á kröfu hans um að vera skráður forstöðumaður félagsins og að það verði skráð sem trúfélag.

Tugmilljónir króna í sóknargjöldum til zúista liggja óútgreiddar hjá Fjársýslu ríkisins vegna ágreinings um yfirráð yfir trúfélaginu.

Um þrjú þúsund manns skráðu sig skyndilega sem zúista í kjölfar þess að nýir menn í stjórn félagsins lýstu því yfir að félagsmenn myndu fá greidd út sóknargjöld sem ríkið tekur af skattfé og leggur trúfélögum til. – gar / sjá síðu 4

### Fréttablaðið í dag





**SKOÐUN** Kolbeinn Óttarsson Proppé vill fá svör. 12

**SPORT** Manchester City og West Ham mætast í Laugardalnum. 14

**MENNING** Bækurnar eru stór hluti af lífinu segir Snæbjörn Arngrímsson. 22

**LÍFIÐ** Tveir kanadískir grínistar koma fram í kvöld á Hard Rock Café. 30

PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015





LYFJA
– Lifið heil

Opið alla verslunarmannahelgina

frá kl. 8–24 í Lyfju Lágmúla og Smáratorgi

www.lyfja.is

FJÓRFALDIR VILDARPUNKTAR ICELANDAIR

hjá Olís og ÓB alla verslunarmannahelgina, 4.–7. ágúst

-16 KR. Í DAG HJÁ OLÍS OG ÓB

Vinur við veginn olís

## Veður




Í dag verður áfram hæg breytileg átt eða hafgola á landinu. Bjartir og skýjaðir kaflar á víxl en búast má við síðdegisskúrum víða. SJÁ SÍÐU 18

# Vatn vinsælast við þynnku hjá Íslendingum

**HEILBRIGÐISMÁL** Fjórir af hverjum tíu drekka vatn til að bregðast við timburmönnum, samkvæmt nýrri skoðanakönnun MMR. Tæplega fjórðungur, eða 24 prósent, tekur verkjalyf og fimmtungur, eða 21 prósent, borðar feitan mat. Þá drekka fjórtán prósent íþróttadrykki og níu prósent drekka kaffi.



**Teitur Guðmundsson læknir**

Teitur Guðmundsson læknir segir enga eina leið örugga til að losna við þynnku nema að stilla neyslunni í hóf. „Orsök þynnku er fyrst og fremst vökvatap og líka salttap auk eitrunaráhrifa og ræsingar ónæmiskerfisins. Þess vegna er skynsamlegast að taka til sín ríkulegan vökva og mögulega sölt auk þess að neyta auðmeltanlegra kolvetna til að tækla lágan blóðsykur eftir drykkju,“ segir hann. Það sé hægt að nota einfaldari verkjalyf til viðbótar en það ætti ekki að vera nauðsynlegt.

Könnunin var gerð dagana 18. til 21. júlí og 909 einstaklingar, átján ára og eldri úr hópi álitsgjafa MMR, svöruðu handahófskennt. **– jhh**

**24%**

**Íslendinga taka verkjalyf til að bregðast við þynnku.**

## Endaspretttur í Sundhöllinni



Dyr Sundhallarinnar í Reykjavík verða opnaðar aftur í október eftir miklar endurbætur og byggingu nýrrar útisundlaugar. Þetta segir Guðmundur Pálmi Kristinsson, verkefnisstjóri framkvæmdanna. Nú eru flísar komnar á nýju útipottana og á botn laugarinnar. Verið er að vinna innandyra í innréttingum og öðru. „Það myndast mjög skemmtilegt svæði milli bygginganna. Allt sundlaugarsvæðið verður heitur pottur,“ segir Guðmundur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Tvær orsakir andláts Arnars

**LÖGREGLUMÁL** Æsingsóráðsheilkenni er talið vera það sem dró Arnar Jónsson Aspar til dauða þegar hópur manna veittist að honum við heimili hans í Mosfellsdal í júní, samkvæmt krufningarskýrslu réttarmeinafræðings. Rannsókn lögreglu vegna málsins er lokið.

Samkvæmt heimildum fréttastofu er talið að orsakir andlátsins séu tvær. Önnur þeirra hefur verið birt opinberlega á vef Hæstaréttar en þar segir að andlátið sé rakið til nokkurra samverkandi þátta og að þvinguð frambeygð staða og hálstak sem kærði hafi haldið brotaþola í sé talið hafa leitt til mikillar minnkunar á öndunargetu sem hafi leitt til köfnunar. Hæstiréttur birti ekki hina ástæðuna, en samkvæmt krufningarskýrslu réttarmeinafræðings, sem fréttastofa hefur undir höndum, segir að Arnar hafi greinst með svokallað æsingsóráðsheilkenni. **– sks**

# Dýrara að særa konur en karla hjá hárskerum

**Almennt greiða konur hærra verð en karlar fyrir klippingu. „Mjög óréttlátt,“ segir kona sem hefur kannað verðið á þrjátíu afgreiðslustöðum. Dómstóll í Danmörku hefur komist að því að dömu- og herraklipping sé ósambærileg þjónusta.**

**NEYTENDUR** „Ég fór í klippingu með manninum mínum fyrir um það bil tveimur árum. Hann fékk klippingu en það var sært neðan af hárinu á mér. Hann borgaði töluvert minna, ég held að það hafi verið 1.500 eða 2.000 krónur sem munaði, segir Aðalheiður Ólafsdóttir líffræðingur. „Það var særing hjá mér en klipping hjá honum þannig að það tók ekki lengri tíma hjá mér,“ segir Aðalheiður.

„Mér fannst þetta mjög óréttlátt og ég ákvað að ég ætlaði ekki að fara í klippingu á hárgreiðslustofu fyrr en ég fyndi stofu sem rukkaði það sama fyrir karla og konur. Ég fékk mömmu til að særa neðan af hárinu á mér þangað til núna. Þá langaði mig til að breyta til og fá mér einhverja klippingu,“ segir Aðalheiður.

Aðalheiður ákvað þá að hringja í hárgreiðslustofur til að finna stofu sem rukkaði það sama fyrir karla og konur. Hún hringdi í um 30 hárgreiðslustofur og fann tvær sem taka sama gjald fyrir konur og karla. Annars vegar Hár og smár og hins vegar Amadeus.

Í 24. grein jafnréttislaga er lagt bann við mismunun við afhendingu á vöru eða þjónustu eftir kyni. Álitaefnið snýr þá að því hvort dömu- og herraklipping sé sambærileg þjónusta. Því hafna flestir þeir hárskerar sem Fréttablaðið talaði við í gær. Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst hefur ekki reynt á þetta fyrir dómi hér á landi. Hins vegar hefur mál af því tagi farið fyrir millidómsstig í Danmörku.

Árið 2012 kvartaði stuttklippt kona til jafnréttisnefndar þar í landi yfir mismunun. Hún var ósátt við hárgreiðslustofu sem rukkaði meira fyrir dömuklippingu en fyrir herraklippingu. Jafnréttisnefnd komst að þeirri niðurstöðu að hárgreiðslustofan hefði brotið jafnréttislög og skyldi greiða 2.500 danskar krónur í bætur.



Jökull Jörgensen, hjá Amadeus hársnyrtistofu, er einn fárra í stéttinni sem innheimtir sama gjald af konum og körlum. FRÉTTABLAÐIÐ/LAUFEY

> **Í dag er þetta bara þannig að þetta er nákvæmlega sama vinnan og enginn munur á því. Hví ættu konur þá að borga meira en karlinn?**
>
> Jökull Jörgensen hjá Amadeus

Hárskerarnir fóru með málið fyrir eystri landsrétt. Þar færðu þeir rök fyrir því að herraklipping og dömuklipping væri ekki sambærileg þjónusta. Dömuklipping væri flóknara fyrirbæri og tæki lengri tíma. Dómstóllinn féllst á þessi rök hárskeranna og komst einnig að þeirri niðurstöðu að þar sem konan hefði ekki óskað sérstaklega eftir herraklippingu, hefðu jafnréttislög ekki verið brotin.

Daði Ólafsson, hjá Neytendastofu, vildi ekki taka formlega afstöðu til málsins en sagði það ekki koma á óvart þó sambærileg sjónarmið væru í spilinu fyrir íslenskum dómstólum eða kærunefnd jafnréttismála.

**jonhakon@frettabladid.is**






**Invincible 33" breyting fylgir með**

Hilux er ódrepandi harðjaxl og með 33" breytingu eruð þið ósigrandi saman. Hilux Invincible kemur þér þangað sem þig langar, hvort sem það er leiðangur upp til fjalla, næsti veiðitúr eða bara að komast aðeins út fyrir borgina til að ná andanum.

**Hilux Invincible aukahlutapakki:** 33" breyting, hlíf undir framstuðara, gluggavindhlífar, króm á afturljós og Invincible-merki.
**Verðmæti: 780.000 kr.**

**Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Invincible-pakkinn fylgir ekki með öðrum tilboðum.
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# Samkeppniseftirlitið hafnaði beiðni Markaðsráðs kindakjöts

**LANDBÚNAÐUR** Markaðsráð kindakjöts hefur ekki sýnt fram á að skilyrði fyrir undanþágu frá samkeppnislögum séu uppfyllt vegna umsóknar ráðsins um leyfi til aukins samstarfs sláturleyfishafa við útflutning á kindakjöti. Þetta er mat Samkeppniseftirlitsins.

Í bréfi sem Samkeppniseftirlitið hefur sent Markaðsráði gerir eftirlitið grein fyrir frummati sínu á umsókn ráðsins. Hafnar það umsókninni en býður þó ráðinu að leggja fram frekari gögn máli sínu til stuðnings.

Svavar Halldórsson, framkvæmdastjóri Markaðsráðs kindakjöts, segir frummat Samkeppniseftirlitsins vera til skoðunar. „Við erum að taka saman yfirlit yfir þau opinberu gögn sem til eru, en við höfum ekki safnað saman öðrum gögnum, til dæmis um starfsemi sláturleyfishafanna, því við höfum ekki talið það heimilt. En við erum að skoða málið og höfum ekki tekið ákvörðun um næstu skref.“

> **Við erum að taka saman yfirlit yfir þau opinberu gögn sem til eru, en við höfum ekki safnað saman öðrum gögnum, til dæmis um starfsemi sláturleyfishafanna, því við höfum ekki talið það heimilt.**
>
> Svavar Halldórsson, framkvæmdastjóri Markaðsráðs kindakjöts

Markaðsráðið óskaði eftir því við eftirlitið fyrr í sumar að því yrði veitt tímabundin undanþága frá samkeppnislögum vegna samstarfs sláturleyfishafa um útflutning og markaðssetningu á kindakjöti á erlendum mörkuðum. Í stað þess að útflutningur yrði á hendi hvers sláturleyfishafa var hugmyndin sú að fyrirtækin sneru bökum saman undir merkjum Markaðsráðs og stæðu saman að útflutningi. Taldi ráðið aukna samvinnu nauðsynlega til þess að takast á við þrengingar á útflutningsmörkuðum.

Félag atvinnurekenda og Samtök verslunar og þjónustu voru á meðal þeirra sem lögðust gegn því að undanþágubeiðni Markaðsráðs yrði samþykkt. – **kij**

## Skoða að lækka lánshæfi Refresco

**VIÐSKIPTI** Matsfyrirtækið Moody's hefur tekið lánshæfiseinkunn evrópska drykkjarvöruframleiðandans Refresco Group til endurskoðunar með mögulega lækkun í huga. Ákvörðunin var tekin í kjölfar þess að Refresco tilkynnti um fyrirhuguð kaup sín á ameríska drykkjaframleiðandanum Cott Corporation í síðustu viku.

Kaupverðið er 1,25 milljarðar dala sem jafngildir um 128 milljörðum króna og verður fjármagnað með lánsfé.



**Jón Sigurðsson, stjórnarmaður í Refresco**

Í tilkynningu bendir matsfyrirtækið meðal annars á að kaupin muni auka skuldir Refresco til meðallangs tíma. Þó séu líkur til þess að skuldirnar fari lækkandi að tveimur árum liðnum, en Refresco hyggst auka hlutafé um 200 milljónir evra innan tólf mánaða eftir að kaupin verða að fullu frágengin.

Eignarhaldsfélagið Stoðir, áður FL Group, á 8,87 prósenta hlut í Refresco. Jón Sigurðsson, fyrrverandi forstjóri FL Group, hefur setið í stjórn drykkjarframleiðandans frá árinu 2009. – **kij**

> **Í tilkynningu bendir matsfyrirtækið meðal annars á að kaupin muni auka skuldir Refresco til meðallangs tíma. Þó séu líkur til þess að skuldirnar fari lækkandi að tveimur árum liðnum.**

# Krefst formennsku hjá zúistum og kvartar undan sýslumanni

**Inneign zúista hjá ríkinu á sóknargjöldum nálgast 50 milljónir króna. Stofnfélaginn Ágúst Arnar Ágústsson kvartaði til umboðsmanns Alþingis vegna tafa á afgreiðslu sýslumanns á kröfu hans um að verða viðurkenndur sem forstöðumaður félagsins. Bróðir Ágústs, sem áður var formaður, segir málið á viðkvæmu stigi.**

**TRÚFÉLÖG** Ágúst Arnar Ágústsson, einn stofnenda trúfélagsins Zuism, hefur kvartað til umboðsmanns Alþingis vegna tafa á afgreiðslu Sýslumannsembættisins á Norðurlandi eystra á kröfu hans um að vera skráður forstöðumaður félagsins og að það verði skráð sem trúfélag.

Tugmilljónir króna í sóknargjöldum til zúista liggja óútgreiddar hjá Fjársýslu ríkisins vegna ágreinings um yfirráð yfir trúfélaginu. Um þrjú þúsund manns skráðu sig skyndilega sem zúista í kjölfar þess að nýir menn í stjórn félagsins lýstu því yfir að félagsmenn myndu fá greidd út sóknargjöld sem ríkið tekur af skattfé og leggur trúfélögum til.

Saga zúista er rakin í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá því í febrúar á þessu ári. Þar kemur fram að trúfélagið Zuism var stofnað í apríl 2013 og skrásett í fyrirtækjaskrá. Félagið hafi jafnframt fengið skráningu sem trúfélag hjá innanríkisráðuneytinu sem annaðist slíkar skráningar. Skráning trúfélaga og lífsskoðunarfélaga færðist 1. janúar 2015 til Sýslumannsembættisins á Norðurlandi eystra.

Sá er upphaflega var skráður sem formaður Zuism hætti fljótlega afskiptum af félaginu og var tilkynnt um nýjan formann, Einar Ágústsson, til fyrirtækjaskrár á Þorláksmessu 2013. Átti Einar að veita félaginu forstöðu þar til Ágúst Arnar, bróðir hans, hefði aldur til að gegna embættinu.

Þar sem sýslumaður fékk hins vegar ekki árlega skýrslu frá zúistum auglýsti embættið á árinu 2015 í Lögbirtingablaðinu eftir forstöðumanni eða stjórnarmönnum fyrir trúfélagið. Þá gaf Ísak Andri Ólafsson sig fram og var hann skráður forstöðumaður félagsins 1. júní 2015. Sú skráning var síðar felld úr gildi með úrskurði innanríkisráðuneytisins. Ísak Andri og meðstjórnendur hans voru með stjórnartaumana í félaginu þegar auglýst var það fyrirheit að greiða félagsmönnum út sóknargjöldin frá ríkinu.



**Einar Ágústsson sem samkvæmt fyrirtækjaskrá var formaður stjórnar Zuism um skeið segir málefni trúfélagsins á viðkvæmu stigi. Hann var dæmdur í þriggja og hálfs árs fangelsi fyrir fjársvik í júní.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **32**
>
> **milljóna króna krafa á ríkið var gerð fyrir dómstólum vegna ógreiddra sóknargjalda til zúista.**

Upphaflegu stofnendur félagsins höfðuðu í nafni þess mál á hendur ríkinu og kröfðust þess að sóknargjöldin greidd. Byrjaði krafan í 5,3 milljónum króna en endaði í 32 milljónum. Ríkið var sýknað.

„Eftir að skráning Ísaks Andra var felld úr gildi með úrskurði innanríkisráðuneytisins er nú enginn skráður forstöðumaður í félaginu, en sýslumaður hefur til meðferðar kröfu stefnanda um skráningu Ágústs Arnars Ágústssonar og hvort stefnandi uppfylli skilyrði þess að vera skráð trúfélag,“ sagði héraðsdómur. Dóminum var ekki áfrýjað.

Samkvæmt Sýslumannsembættinu á Norðurlandi eystra er reiknað með að afstaða þess til kröfu Ágústs liggi fyrir á næstunni. Einar Ágústsson, sem var forstöðumaður trúfélagsins um skeið, segir að ekki hafi verið fjallað um málið á réttum nótum.

„Þú ert reyndar fyrsti blaðamaðurinn til að hafa samband við stjórn félagsins og það er svo sem ágætis byrjun hjá þér en varðandi hvar þetta stendur er best að ræða við lögmann félagsins,“ segir Einar sem kveður málið enn á viðkvæmu stigi. Ekki fengust þó svör frá lögmanninum.

Fjársýsla ríkisins stöðvaði greiðslur sóknargjalda til zúista í febrúar í fyrra þar sem ekki þótti liggja fyrir hver væri rétthafi í félaginu. Samkvæmt nýjustu tölum Hagstofunnar eru samtals 2.845 manns skráðir undir Zuism miðað við 3.087 árið 2016. Það þýðir að í hverjum mánuði bætast tæplega 2,6 milljónir króna við sóknargjöld zúista sem bíða þess að verða greidd út ef og þegar félagsmenn greiða úr innri málum sínum. Ekki fengust upplýsingar frá Fjársýslu hver heildarfjárhæðin er nú orðin en gera má ráð fyrir að hún nálgist 50 milljónir króna. **gar@frettabladid.is**



# VIÐ BREYTUM OG BÆTUM Í KRINGLUNNI

# ENN MEIRI AFSLÁTTUR

# RÝMINGAR SALA

**40%** AF FATNAÐI, **40%** AF LEIKFÖNGUM,

**40%** AF BÚSÁHÖLDUM, **30%** AF MATVÖRU,

**30%** AF SNYRTIVÖRU, **20%** ANNAÐ.

## AÐEINS Í KRINGLUNNI

**Tilboðin gilda eingöngu 2.-5.ágúst**

HAGKAUP
*Skemmtilegast að versla*



Guðjón Reynisson og Margrét Sigurðardóttir handsala samninginn.

# Rosamosi í Hamleys

**VIÐSKIPTI** Guðjón Reynisson, framkvæmdastjóri leikfangaverslunarinnar Hamleys í Bretlandi, og Margrét Júlíana Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri íslenska tölvuleikjafyrirtækisins Rosamosa, undirrituðu í gær samkomulag um þróun og dreifingu á tónlistarnámskeiðum og öðrum afurðum sem byggja röð tónlistarleikja sem Rosamosi gefur út undir vörumerkinu Mussila.

Rosamosi hefur haft það að markmiði að bjóða upp á lausnir sem auka aðgengi barna að tónlistarmenntun.

Hamleys er elsta og stærsta leikfangaverslun í heiminum. Á undanförnum árum hefur Hamley's verslunum fjölgað verulega og í dag eru reknar á annað hundrað Hamleys verslanir víða um heim.

Á næstu misserum hyggur Hamleys á enn frekari landvinninga. Meðal annars er í þróun svokallað „Hamleys Playroom“ innan verslananna þar sem boðið verður upp á námskeið fyrir börn og snýr samkomulagið að því að Rosamosi muni bjóða upp á tónlistarnámskeið í verslununum. **– bb**

# Enskir risar mætast



Ungir knattspyrnuunnendur voru afar spenntir þegar liðsrúta enska knattspyrnufélagsins Manchester City lagði við Laugardalsvöll í gær. Kastaði þessi bláklæddi drengur skó sínum yfir girðingu í von um að fá hann áritaðan. Það var þó ekki knattspyrnustjarna sem skilaði skónum heldur starfsmaður félagsins. City spilar við West Ham á vellinum í dag klukkan tvö í síðasta leiknum áður en Úrvalsdeildin hefst. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

# Tekjur Teslu meira en tvöfölduðust á milli ára

**VIÐSKIPTI** Tekjur rafbílaframleiðandans Teslu námu 2,8 milljörðum Bandaríkjadala, sem jafngildir 290 milljörðum íslenskra króna, á öðrum fjórðungi ársins og meira en tvöfölduðust á milli ára.

Hins vegar jókst tap af rekstri framleiðandans um 43 milljónir dala og var 336 milljónir dala á tímabilinu. Aukinn kostnaður vegna rannsókna, þróunar- og sölumála varð þess valdandi að tapið jókst um fimmtán prósent á milli ára.

Fjárfestar virðast þó hafa verið ánægðir með uppgjörið, en til marks um það hækkuðu hlutabréf í Teslu um sjö prósent í verði eftir að uppgjörið var birt. Í tilkynningu tók Elon Musk, stofnandi Teslu, fram að búist væri við sterkum tekjuvexti á síðari helmingi ársins á meðan markmiðið væri að halda rekstrarkostnaði í hófi. **– kij**

**2,8**

**milljörðum námu tekjur Teslu á öðrum ársfjórðungi.**

# Afstaða bankaráðs mun liggja fyrir síðar í sumar

**VIÐSKIPTI** Bankaráð Landsbankans hefur tekið til skoðunar erindi Vestmannaeyjabæjar og Vinnslustöðvarinnar þar sem kallað er eftir afstöðu bankaráðsins til aðgangs dómkvaddra matsmanna að nauðsynlegum gögnum til að hægt sé að meta virði stofnfjár í Sparisjóði Vestmannaeyja.

Helga Björk Eiríksdóttir, formaður bankaráðsins, segir að afstaða bankaráðsins til málsins muni liggja fyrir síðar í sumar.

Bæjarráð Vestmannaeyja hvatti í síðustu viku bankaráðið til þess að tryggja að starfsmenn Landsbankans kæmu ekki í veg fyrir að fram færi trúverðugt mat á því hvert verðmæti stofnfjár sparisjóðsins var þegar bankinn tók sjóðinn yfir í mars 2015. Fyrrverandi stofnfjáreigendur í sparisjóðnum, þar á meðal Vestmannaeyjabær og Vinnslustöðin, telja að á þá hafi verulega hallað þegar bankinn tók yfir rekstur sjóðsins.

Þeir fengu dómkvadda matsmenn til þess að leggja mat á verðmæti þess endurgjalds sem þeir fengu við yfirtökuna, en Landsbankinn synjaði matsmönnunum um þau gögn sem þeir óskuðu eftir með vísan til bankaleyndar.

Elliði Vignisson, bæjarstjóri Vestmannaeyja, sagðist í samtali við Fréttablaðið vilja að bankinn sýndi lágmarkssanngirni og afhenti nauðsynleg gögn til þess að umrætt mat gæti farið fram. **– kij**




Bankaráð Landsbankans hefur tekið erindi Vestmannaeyja til skoðunar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARÍNÓ

# Kaffitár krefst frekari gagna og kæra enn á ný

**Kaffitár hefur aftur kært Isavia til úrskurðarnefndar um upplýsingamál. Fyrirtækið krefst þess að fá afhentar upplýsingar sem Isavia strikaði sérstaklega yfir. Talsmaður Isavia segir að um viðkvæmar viðskiptaupplýsingar sé að ræða.**

**STJÓRNSÝSLA** Stjórnendur Kaffitárs hafa aftur kært Isavia til úrskurðarnefndar um upplýsingamál vegna synjunar ríkisfyrirtækisins á að afhenda gögn um forval fyrirtækisins vegna útleigu á veitingarými í Leifsstöð sem lauk í september 2014. Kaffitár óskar meðal annars eftir því að fá aðgang að upplýsingum sem Isavia hafði sérstaklega strikað yfir.

Héraðsdómur Reykjavíkur úrskurðaði í júní í fyrra að afhenda bæri gögn vegna forvalsins sem Kaffitár hafði þá óskað eftir. Stjórnendur Kaffitárs höfðu áður krafist rökstuðnings Isavia fyrir þeirri ákvörðun að neita kaffifyrirtækinu um veitingarými í Leifsstöð. Alls féllu sjö úrskurðir og dómar í málinu og varaði Samkeppniseftirlitið meðal annars við því að afhending gagnanna gæti brotið í bága við samkeppnislög.

Aðalheiður Héðinsdóttir, stjórnarformaður Kaffitárs, segir að Isavia hafi í byrjun ársins afhent þeim einhver gögn sem óskað hafði verið eftir, en hins vegar hafi ríkisfyrirtækið strikað með svörtum tússpenna yfir þær upplýsingar sem fyrirtækinu fannst að Kaffitár ætti ekki að fá aðgang að.

„Þau rök sem Isavia færði fyrir því að neita að afhenda okkur gögnin eru sömu rök og þau settu fram í dómsmálinu í fyrra sem endaði með fullnaðarsigri Kaffitárs og aðför sýslumanns. Nú beita þeir sömu rökum fyrir því að neita okkur um aðgang að þessum viðbótargögnum. Við höfum því lagt fram kæru til úrskurðarnefndar um upplýsingamál sem fjallar nú um málið,“ segir hún.



Sjö dómar eða úrskurðir hafa fallið í málarekstri Kaffitárs gegn Isavia, en fyrirtækið neitaði Kaffitári um veitingarými í Leifsstöð 2014. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

> **Þau rök sem Isavia færði fyrir því að neita að afhenda okkur gögnin eru sömu rök og þau settu fram í dómsmálinu í fyrra.**
>
> Aðalheiður Héðinsdóttir, stjórnarformaður Kaffitárs



Úrskurðarnefndin fjallar auk þess um hvort Isavia sé skylt að afhenda Kaffitári samskipti á milli Isavia og annarra umsækjenda í forvalinu.

Guðni Sigurðsson, talsmaður Isavia, segir fyrirtækið hafa tekið saman öll gögn um málið, þar á meðal vinnugögn sem séu undanþegin upplýsingarétti, og afhent Kaffitári. Í samráði við aðra umsækjendur í forvalinu hafi hins vegar verið strikað yfir viðkvæmar viðskiptaupplýsingar um einstök fyrirtæki.

„Frá okkar bæjardyrum séð hafa öll gögn verið afhent í málinu, nema að strikað var yfir viðkvæmar viðskiptaupplýsingar, þar sem okkur er óheimilt að dreifa upplýsingum á milli fyrirtækja sem eru í samkeppni,“ segir hann.

Aðalheiður segir ekki tímabært eins og sakir standa að tjá sig um hvort skaðabótamál verði höfðað á hendur Isavia. Von sé á yfirlýsingu um það á næstu vikum.

Eitt fyrirtæki, Drífa, sem selur meðal annars fatnað undir merkinu Icewear, hefur höfðað skaðabótamál á hendur Isavia vegna umrædds forvals. **kristinningi@frettabladid.is**

# KRÓNAN




**499** kr. stk.

Kartöflusalat, 400 g




**299** kr. pk.

Driscolls jarðarber, 250 g




Gott verð!

**1499** kr. kg

Lúxus grísakótilettur, úrval marineringa, Spánn




Ódýrt

**149** kr. pk.

Gestus snakk, 175 g

## OPIÐ ALLA HELGINA

nánar á kronan.is

Tilboðin gilda til 7. ágúst. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

# Samþykktu tilboð í þrjár fasteignir í eigu Háskólans á Bifröst

**VIÐSKIPTI** Háskólinn á Bifröst hefur samþykkt tilboð í þrjár fasteignir skólans sem boðnar voru til sölu í vor. Samþykkið er þó háð fyrirvara um fjármögnun, en kaupendur hafa nokkrar vikur til þess að tryggja hana.

Um er að ræða tvær byggingar sem bera nafnið Sjónarhóll, en þar má finna 48 íbúðir, og fjögurra hæða byggingu, auk kjallara, að nafni Hamragarðar. Þar má finna 51 herbergi sem eru útbúin sem hótelherbergi.


Vilhjálmur Egilsson, rektor Háskólans á Bifröst

Hafsteinn Sæmundsson, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs Háskólans á Bifröst, segir í samtali við blaðið að engin önnur tilboð hafi borist í eignir skólans. Fjárfestum var meðal annars boðið að kaupa eignirnar í einu lagi, en ekki reyndist vera áhugi fyrir því.

Hafsteinn telur ekki tímabært á þessari stundu að upplýsa hvaða fjárfestar standi að baki tilboðinu eða hvert mögulegt kaupverð sé. Samkvæmt verðmati Capacent frá því í vor voru eignirnar, sem og rekstur Hótels Bifrastar, metnar á bilinu 1,5 til 2,5 milljarðar króna.

Gert er ráð fyrir að stjórnendur háskólans muni funda með kaupendunum í næstu viku. Segir Hafsteinn að þá muni málin skýrast frekar. Ekki er vitað hvernig kaupendurnir hyggjast nýta eignirnar.

Í tilkynningu frá skólanum á sínum tíma kom fram að eignirnar hefðu verið settar á sölu til að bregðast við fækkun sem hafði orðið í staðnámi hjá skólanum. Ekki væri lengur sama þörf og áður fyrir húsnæði á svæðinu. Um áttatíu prósent af nemendum skólans eru í fjarnámi. – kij


Eignir Háskólans á Bifröst voru boðnar til sölu í vor. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Skátar án farangurs

**SAMFÉLAG** Alls fór sjúkrabíll af skátasvæðinu á Úlfljótsvatni um 10 sinnum með sjúklinga, nokkrir tugir þurftu að leita á spítala vegna veikinda og í sjúkratjaldinu á staðnum var tekið á móti hátt í þúsund manns

Stærsta skátamóti Íslandssögunnar lauk á miðvikudag en um fimm þúsund manns frá yfir 100 þjóðum tóku þátt og gekk mótið almennt vel að sögn mótsstjóra.

„Það hefur almennt gengið gífurlega vel og margra ára undirbúningsvinna sjálfboðaliða að skila sér. Þar að auki vorum við einnig mjög heppin með veður,“ segir Hrönn Pétursdóttir mótsstjóri.


Skátar voru sumir hverjir farangurslausir allt mótið. MYND/WOSM

Hún segir að þegar um er að ræða svo stóran viðburð sé alltaf eitthvað sem kemur upp. Sem dæmi nefnir hún að 50 skátar hafi verið farangurslausir allt skátamótið og ekki enn fengið farangurinn sinn. – bb

# Enn þrýst á bætur á Grindavíkurvegi

**SAMGÖNGUR** Bæjarráð Grindavíkur ítrekar enn brýna nauðsyn framkvæmda á Grindavíkurvegi til að lagfæra slitlag, vegaxlir og fjölga útskotum.

„Bæjarstjórn Grindavíkur, bæjarstjóri og samráðshópur munu halda áfram að þrýsta á stjórnvöld og fjárveitingarvaldið að koma veginum á samgönguáætlun. Hann er bæði fjölfarinn og hættulegur og mikilvægt að aðgreina akstursstefnur sem fyrst,“ bókaði bæjaráðið eftir að hafa fengið skýrslu Vegagerðarinnar um öryggisúttekt á Grindavíkurvegi í vor. „Vegagerðin hefur forgangsraðað tillögunum sem er ætlað að bæta umhverfi vegarins og gera hættuminni þar sem slys vegna útafaksturs eru tíðust.“ – gar

**» Grindavíkurvegur er sagður bæði fjölfarinn og hættulegur.**


# Hljóðritasjóður

## Umsóknarfrestur til **15. september**



**Rannís auglýsir eftir styrkumsóknum í Hljóðritasjóð.**

Hlutverk Hljóðritasjóðs er að efla hljóðritun á íslenskri tónlist. Veittir eru styrkir til að taka upp nýja, frumsamda íslenska tónlist og þannig er stutt við nýsköpun hennar.

Hljóðritin skulu kostuð af íslenskum aðilum en mega einnig vera samstarfsverkefni við erlenda aðila.

Styrkir eru veittir til ákveðinna verkefna að hámarki til eins árs. Umsóknarfrestir eru tvisvar á ári, **15. mars og 15. september.**

Næsti umsóknarfrestur rennur út kl. 16:00, 15. september.

**Upplýsingar og umsóknargögn er að finna á www.rannis.is. Umsóknum og lokaskýrslum skal skila á rafrænu formi.**

Stjórn Hljóðritasjóðs
Rannís, Borgartúni 30, 105 Reykjavík
Netfang: hljodritasjodur@rannis.is

rannís
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun


# Sjúkdómurinn sem slær með sumrinu og sólinni

**Þótt flestir fagni góða veðrinu sem hefur verið undanfarna daga hafa þeir sem eru með frjókornaofnæmi kvartað sáran enda frjóin kvalið þá mjög. Ofnæmislæknir segir að birkifrjó hafi rokið upp á Akureyri og sýnt tölur sem aldrei hafi sést áður. Grasfrjó svífur yfir með sól og blíðu.**


Það eru margir sem geta ekki legið í grasinu góða. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**SAMFÉLAG** „Það kom birkifrjós toppur fyrir norðan í maí og það eru hæstu tölur sem við höfum séð. Þetta voru miklu hærri tölur en áður hefur sést á Íslandi,“ segir Davíð Gíslason ofnæmislæknir en í blíðunni undanfarna daga hefur borið á gras- og birkifrjói í loftinu sem er mörgum til ama.

Rúmlega tuttugu prósent af ungu fólki er með ofnæmi fyrir grasfrjói en aðeins fimm prósent fyrir birkifrjói. Davíð segir að frjókornaofnæmi sé sjúkdómur unga fólksins.

„Það geta allir fengið ofnæmi en ég athugaði þetta fyrir mörgum árum, einhvern tímann í kringum 1980-90. Þá voru sextíu prósent búnir að fá ofnæmi fyrir 16 ára aldurinn og 90-95 prósent fyrir fertugt. Þetta er sjúkdómur unga fólksins þó ég hafi séð fólk yfir áttrætt þróa með sér ofnæmi en það er mjög sjaldgæft.“

Hann segir að sumarið sé búið að vera í meðallagi og skeri sig ekki mjög úr öðrum liðnum sumrum. „Nema undanfarna daga í blíðunni þá hefur verið töluvert um frjókorn. Sömuleiðis er þá líka meðal einkennin. Annars er þetta miðlungssumar sunnanlands allavega.“

**Það geta allir fengið ofnæmi en ég athugaði þetta fyrir mörgum árum, einhvern tímann í kringum 1980-90. Þá voru 60 prósent búnir að fá ofnæmi fyrir 16 ára aldurinn og 90-95 prósent fyrir fertugt.**

Davíð Gíslason, ofnæmislæknir



**20%**

**af ungu fólki er með ofnæmi fyrir grasfrjói en aðeins fimm prósent fyrir birkifrjói.**

Hann segir að verslunarmannahelgin fari oft illa með fólk og segir að það sé of seint að byrja að taka lyf ef það eru komin einkenni. „Það er afskaplega mikilvægt fyrir þá sem eru með ofnæmi að vera passasamir með lyfin.

Taka þau reglulega. Það er of seint að taka lyf þegar einkenni eru komin og fólk er orðið slæmt.

Verslunarmannahelgin er hvað erfiðust. Þá er fólk í útilegu í tjöldum og þá má gera ráð fyrir meiri einkennum en ef það heldur sig heima.

Flestir þurfa að taka lyf allt sumarið. Það er gott að byrja í lok maí og taka ofnæmistöflur á hverjum degi út ágúst. Um mitt sumarið er gott að bæta við sterapústi og jafnvel augndropum ef fólk er að fara í útilegu.“

benediktboas@365.is

# Hinrik vill ekki hvíla við hlið Margrétar

**DANMÖRK** Hinrik Danaprins neitar að láta grafa sig við hlið eiginkonu sinnar, Margrétar Þórhildar Danadrottningar. Danska blaðið BT greinir frá því að það sé vegna óánægju Hinriks með hlutverk sitt.

Í viðtali við BT segir Lene Balleby, fjölmiðlafulltrúi konungsfjölskyldunnar, að það sé ekkert leyndarmál að prinsinn hafi verið óánægður með hlutverk sitt og titil í áraraðir.

„Sú ákvörðun prinsins að vera ekki jarðaður við hlið drottningar er afleiðing þess að hún hafi ekki komið fram við hann sem jafningja. Afleiðing af því að hafa aldrei fengið þann titil og það hlutverk sem hann þráði,“ sagði Balleby og átti þar við þá ósk Hinriks að verða titlaður konungur.

**» Fyrir prinsinum er sú ákvörðun að vera ekki jarðaður við hlið drottningar afleiðing þess að hún hafi ekki komið fram við hann sem jafningja.**

Hinrik dró sig úr sviðsljósinu í fyrra. Hann er 83 ára gamall, fæddur í Frakklandi.

Sögusagnir hafa verið uppi í Danmörku um að prinsinn vilji frekar láta grafa sig í fæðingarlandinu en í grafhýsi ætluðum þeim hjónum í Roskilde-dómkirkjunni á Sjálandi. Konungsfjölskyldan segir þær sögusagnir þó ósannar. – þea


Margrét og Hinrik á góðri stundu.


BOSS
HUGO BOSS
SAND
POLO
RALPH LAUREN
Stenströms
ARMANI
COLLEZIONI
eterna
VAN KOLLEM
MADISON PARK • NY
gardeur
HUGO
HUGO BOSS
PETER VAN HOLLAND
FINUCCI
bugatti
TINO COSMA
BELLINI
collezione
MANZ
GERMANY QUALITY SHOES SINCE 1898
BARKER
ENGLISH SHOEMAKERS SINCE 1880
LLOYD
Herra
lagerinn
outlet
líka fyrir konur
Hreinsun!
80%
afsláttur
af öllum vörum
Lokadagar
Opið virka daga frá kl. 11 til 18
laugardaga frá kl. 11 til 17
sunnudaga frá 13 til 17
Sími 568 9512
Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen)

# UNESCO vill byggja Gömlu borgina í Aleppó upp eftir teikningum

**SÝRLAND** Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO, vill byggja hina svokölluðu Gömlu borg í Aleppó upp á ný. Borgin er í rústum eins og stendur vegna sýrlensku borgarastyrjaldarinnar. Þúsundir borgara hafa látið lífið í átökum og margfalt fleiri hafa flúið borgina.

„Okkar sýn er sú að við viljum byggja Gömlu borgina upp nákvæmlega eins og hún var fyrir stríð, jafnvel með sömu steinum þar sem það er hægt,“ sagði Mazen Samman, verkefnisstjóri UNESCO í Aleppó, í viðtali við Reuters í gær.

Að sögn Samman eru til nákvæmar teikningar af hinum gömlu moskum, virkjum og baðhúsum Gömlu borgarinnar. Það geri UNESCO kleift að byggja borgina upp á ný. Hins vegar eru ekki til jafnítarlegar teikningar af byggingum og strætum sem nutu ekki jafnmikilla vinsælda.

> Við viljum byggja Gömlu borgina upp nákvæmlega eins og hún var fyrir stríð.
>
> Mazen Samman, verkefnisstjóri UNESCO í Aleppó

> Endurbygging Gömlu borgarinnar er sögð táknrænt verkefni fyrir Bashar al-Assad Sýrlandsforseta.


**Ástand Aleppóborgar hefur verið betra.** NORDICPHOTOS/AFP

Samman segir UNESCO og önnur alþjóðleg samtök hafa mikinn áhuga á því að viðhalda og endurreisa sýrlenskan menningararf. Þó muni megnið af ábyrgðinni hvíla á herðum innfæddra.

Í frétt Reuters kemur fram að endurbygging Gömlu borgarinnar sé mikilvægt verkefni Bashars al-Assad, forseta Sýrlands. Jafnt sem tákn um endurheimt völd hans og vegna efnahagslegs mikilvægis Aleppóborgar.

Orrustunni um Aleppó lauk í desember síðastliðnum þegar her Assads tókst að hrekja uppreisnarmenn úr borginni. Uppreisnarmenn halda þó enn stórum landsvæðum í héraðinu umhverfis borgina. **– þea**

## Áhyggjur af áhrifum Brexit

**BRETLAND** Seðlabankastjóri Bretlands, Mark Carney, varaði við því í gær að óvissa vegna væntanlegrar úrgöngu ríkisins úr Evrópusambandinu væri nú þegar farin að hafa alvarleg áhrif á efnahag ríkisins. Lét Carney þau ummæli falla í kjölfar þess að seðlabankinn lækkaði hagvaxtarspár sínar.


**Mark Carney seðlabankastjóri**

Áður var hagvaxtarspá fyrir árið 1,9 prósent en hún var lækkuð í 1,7 prósent í gær. Þá var spáin fyrir árið 2018 lækkuð úr 1,7 prósentum niður í 1,6 prósent. Þá ákvað bankinn að halda stýrivöxtum í 0,25 prósentum en þeir hafa verið jafnháir í um ár.

Breska pundið féll einnig í verði í gær um 0,76 prósent gagnvart evru. Hefur pundið ekki verið lægra gagnvart evru í níu mánuði.

„Það er alveg ljóst af samtölum okkar við fyrirtæki í landinu að óvissan um væntanlegt samband okkar við Evrópusambandið hefur áhrif á ákvarðanatöku fyrirtækja,“ sagði Carney. Hann bætti því við að fjárfestingar á Bretlandi væru minni en áður og að afleiðingar óvissunnar væru að hrannast upp. **– þea**

# Afar slæmt samband við Rússa

**Bandaríkjaforseti skrifaði ósáttur undir nýjar þvinganir gegn Rússum. Fulltrúadeild þingsins beri ábyrgð á versnandi sambandi við Rússland. Forsætisráðherra Rússa segir þvinganirnar algjöra stríðsyfirlýsingu.**

**BANDARÍKIN** Samband Bandaríkjanna og Rússa er hættulega slæmt. Þessari skoðun lýsti Donald Trump Bandaríkjaforseti í gær í kjölfar þess að hann skrifaði undir lög þess efnis að koma á nýjum viðskiptaþvingunum gagnvart Rússum.

Þvinganirnar eru settar á vegna innlimunar Rússa á Krímskaga árið 2014 og meintra afskipta þeirra af bandarísku forsetakosningunum í fyrra. Kveða lögin einnig á um hertar aðgerðir gagnvart Írönum og Norður-Kóreumönnum. Skerða þau jafnframt getu forsetans til að fella niður slíkar þvinganir án samþykkis fulltrúadeildar þingsins.

Þrátt fyrir að hafa skrifað undir frumvarp fulltrúadeildarinnar var Trump einkar ósáttur við hin nýju lög og átti hann í miklum deilum við þingmenn vegna þeirra. Urðu þær deilur engu skárri eftir að öldungadeild Bandaríkjaþings felldi frumvarp um breytingar á sjúkratryggingalöggjöf ríkisins.

„Sem forseti gæti ég náð mun betri samningum við önnur ríki en fulltrúadeildin gæti nokkurn tímann náð,“ segir í síðustu línu undirskriftar forseta. Þá tísti hann einnig um lögin. „Samband okkar við Rússa hefur aldrei verið verra, það er í hættulegri lægð. Þið getið þakkað fulltrúadeildinni fyrir, sama fólki og gat ekki einu sinni gefið okkur ný sjúkratryggingalög!“

Ef marka má orð Dmitrýs Medvedev, forsætisráðherra Rússlands, hefur forsetinn rétt fyrir sér þegar hann segir sambandið slæmt. „Þessar þvinganir binda allan enda á vonir okkar um að bæta sambandið við hina nýju ríkisstjórn í Bandaríkjunum,“ sagði Medvedev í yfirlýsingu sem hann birti á Facebook í gær.

Medvedev skaut einnig föstum skotum á Trump. Sagði hann að fulltrúadeildin hefði niðurlægt forsetann og að atvikið sýndi algjört vanmætti Trumps.


**Donald Trump Bandaríkjaforseti er sagður niðurlægður vegna undirritunarinnar.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

> Ríkisstjórn Trumps hefur sýnt vanmætti sitt með því að afhenda fulltrúadeildinni framkvæmdarvaldið.
>
> Dmitrý Medvedev, forsætisráðherra Rússlands



„Þetta er yfirlýsing um algjört efnahagsstríð Bandaríkjanna gagnvart Rússlandi. Ríkisstjórn Trumps hefur sýnt vanmætti sitt með því að afhenda fulltrúadeildinni framkvæmdarvaldið á niðurlægjandi hátt. Þetta breytir valdajafnvæginu í bandarískum stjórnmálum,“ skrifaði Medvedev.

Hélt hann áfram og sagði rótgróna stjórnmálamenn vestanhafs hafa séð við Trump að öllu leyti. „Þessar nýju þvinganir eru til komnar vegna þess að þingið vildi lækka rostann í Trump. Lokamarkmið þess er að koma honum frá völdum. Maður sem er ekki hluti af kerfinu á ekki að vera við völd. Ofsahræðsla við Rússa hefur orðið lykilstef í bandarískri utanríkisstefnu, sem hún hefur lengi verið, og í innanríkismálum, sem er nýlunda.“

Að mati Medvedevs setja þvinganirnar þó ekki stórt strik í reikninginn hjá Rússum. Þeir muni halda áfram vinnu sinni við að þróa hagkerfi ríkisins og reiða sig á sjálfa sig. „Það höfum við lært á undanförnum árum vegna lokunar markaða og hræðslu fjárfesta við að fjárfesta í Rússlandi af ótta við að þeim verði refsað.“ **thorgnyr@frettabladid.is**

## Handtekinn fyrir að smána forseta sinn

**SAMBÍA** Lögregla handtók í gær Saviour Chishimba, leiðtoga UPP-flokksins, sem er forsprakki stjórnarandstöðu í Sambíu. Í tilkynningu frá lögreglu segir að Chishimba sé gefið að sök að hafa smánað forsetann, Edgar Lungu. Ef Chishimba er dæmdur sekur á hann yfir höfði sér allt að fimm ára fangelsisdóm.

> Stjórnarandstöðuleiðtoginn Saviour Chishimba á yfir höfði sér fimm ára fangelsisdóm.

Ummælin sem málið snýst um féllu í júlí þegar Chishimba gagnrýndi ákvörðun Lungu um að setja neyðarlög í ríkinu. Sagði Chishimba að forsetinn ætti að leita á sjúkrahús og gá hvort hann væri heill á geði.

Lungu sagðist á sínum tíma setja neyðarlögin á til að eiga við skemmdarverk stjórnarandstæðinga.

Þetta er ekki í fyrsta skipti á árinu sem forsprakki stjórnarandstöðu er handtekinn. Hakainde Hichilema var handtekinn í apríl, sakaður um landráð. **– þea**

# Lætur rannsaka meint kosningasvik í Venesúela

**VENESÚELA** Luisa Ortega, ríkissaksóknari Venesúela, hefur fyrirskipað rannsókn á ásökunum um kosningasvindl í stjórnlagaráðskosningum sunnudagsins. Ortega, sem er opinskár gagnrýnandi forsetans Nicolas Maduro, tilkynnti um þetta í gær og kallar hún eftir hlutlausri rannsókn.

Sama dag greindu forsvarsmenn breska fyrirtækisins Smartmatic, sem sáu Venesúelamönnum fyrir kosningakerfinu, frá því að yfirvöld hefðu stórlega ýkt kjörsókn á sunnudag. Munurinn á kjörsóknartölum fyrirtækisins og yfirvalda væri að minnsta kosti milljón kjósendur og því gæti fyrirtækið ekki ábyrgst að úrslit kosninganna væru rétt.

Þessum fullyrðingum hefur Maduro þó hafnað. Samkvæmt yfirvöldum kusu um átta milljónir, sem þýðir 42 prósenta kjörsókn. Gagnrýnendur ríkisstjórnarinnar telja þó að kjörsókn hafi verið mun lægri, allt niður í tvær milljónir.

Ríkissaksóknarinn greindi frá því í gær að hún hefði skipað tvo saksóknara til að rannsaka fjóra af fimm yfirmönnum kosningastjórnar í landinu „fyrir þetta reginhneyksli sem gæti orðið kveikjan að enn meira ofbeldi í ríkinu en við höfum séð til þessa“. Ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að boða til kosninga var afar umdeild. Maduro vill að nýtt stjórnlagaráð semji stjórnarskrá sem á að koma í stað stjórnarskrárinnar sem samin var árið 1999 í forsetatíð lærifóður Maduro, Hugo Chavez.


**Luisa Ortega, ríkissaksóknari Venesúela, er óhress með kosningar sunnudagsins.** NORDICPHOTOS/AFP

Samkvæmt könnun Dataanalisis frá því nítjánda júlí voru 72,7 prósent aðspurðra ósammála ákvörðun Maduro um að boða til kosninga. Álíka niðurstöður birtust í könnunum Hercon, Pronóstico, Meganalisis, Ceca, UCV, Datincorp og MORE Consulting. **– þea**




# UMVEFÐU ÞIG VIGNALE LÚXUS

Vignale er lúxusútgáfa Ford Kuga, hlaðinn lúxusbúnaði auk einstakra eiginleika Kuga. Afburða dráttargeta, há veghæð og frábærir aksturseiginleikar sameinast í glæsilegri hönnun og þægindum Ford Kuga Vignale.

FORD KUGA VIGNALE AWD SJÁLFSKIPTUR FRÁ

**6.390.000** KR.

FORD KUGA FWD SJÁLFSKIPTUR FRÁ **4.690.000** KR.

Ford VIGNALE

- 180 hestafla dísilvél
- 2.100 kg dráttargeta
- Vignale-leður á sætum og mælaborði
- Rafdrifið ökumannssæti með minni
- Veglínuskynjari
- Árekstravörn
- Ökumannsvaki
- 18" Vignale álfelgur
- Vignale útlitskitt
- Apple Carplay og Android Auto
- Leiðsögukerfi með Íslandskorti
- Rafdrifin opnun afturhlera með skynjara
- Bi-Xenon aðalljós
- Bakkmyndavél og bílastæðaaðstoð
- 9 Sony hátalarar

*Ford er frábær!*
*Komdu, reynsluaktu og upplifðu Ford Kuga Vignale*

ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
Lokað á laugardögum í sumar

# Komið á kortið



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Sterk staða efnahagsmála hér á landi fer ekki fram hjá erlendum fjárfestum. Áhugi þeirra á Íslandi hefur aukist til muna eftir að áætlun um losun hafta var kynnt sumarið 2015. Í þetta sinn er sú þróun ekki fyrst og fremst drifin áfram af vaxtamunarviðskiptum, eins og á árunum í aðdraganda fjármálahrunsins, heldur fjárfestingum erlendra sjóða og fyrirtækja í fjölmörgum geirum atvinnulífsins – Ísland er komið á kortið. Þar er ferðaþjónustan ekki undanskilin.

Á sama tíma og vísbendingar eru um að það kunni að vera blikur á lofti í hótelrekstri, ekki hvað síst á landsbyggðinni, þá eru umsvifamiklir fjárfestar frá Alaska að ganga frá kaupum á meirihluta í Keahótelum, einni stærstu hótelkeðju landsins. Þrátt fyrir ákvörðun lífeyrissjóða um að hafna rúmlega 11 milljarða tilboði Blackstone í 30 prósenta hlut í Bláa lóninu, eins og greint var frá í Fréttablaðinu í vikunni, þá sætir það einnig tíðindum þegar einn þekktasti fjárfestingasjóður heims sýnir áhuga á að kaupa íslenskt ferðaþjónustufyrirtæki fyrir slíka fjárhæð. Miðað við tilboð Blackstone er markaðsvirði Bláa lónsins því um 37 milljarðar en til samanburðar er Icelandair Group metið á um 70 milljarða.

Sá verðmiði þarf ekki að koma á óvart. Vöxtur Bláa lónsins hefur verið ævintýralegur samhliða auknum straumi ferðamanna til landsins. Fjöldi gesta í lónið fór í fyrsta sinn yfir milljón talsins í fyrra og hefur þeim fjölgað um meira en 660 þúsund frá 2011. Hagnaður Bláa lónsins hefur margfaldast á síðustu árum og var afkoma fyrirtækisins fyrir fjármagnsliði og afskriftir jákvæð um nærri 3.500 milljónir króna 2016. Ljóst er að lífeyrissjóðirnir, sem eiga umtalsverðan hlut í Bláa lóninu í gegnum bæði HS Orku og Horn framtakssjóð, telja að framhald verði á þessari þróun og að virði lónsins sé því enn meira en tilboð Blackstone gaf til kynna. Hvort það mat reynist rétt á eftir að koma í ljós.

Skúli Mogensen, forstjóri WOW air, benti réttilega á það í viðtali við Markaðinn fyrr á árinu að stjórnvöld og fyrirtæki í ferðaþjónustu ættu að fara að fordæmi Bláa lónsins sem hefði tekist afar vel upp í tekjustýringu og álagsdreifingu. „Það er til dæmis fullkomlega eðlilegt,“ sagði Skúli, „að gera þá kröfu að rútur sem heimsækja Gullfoss og Geysi þurfi að bóka fyrirfram tíma til að geta heimsótt þessa staði. Bláa lónið hefur gert þetta í nokkur ár og það hefur skilað sér í aukinni arðsemi og meiri ánægju gesta sem lenda ekki í sama troðningi og áður.“

**Vöxtur Bláa lónsins hefur verið ævintýralegur samhliða auknum straumi ferðamanna til landsins.**

Ferðaþjónustan stendur um margt á tímamótum. Þótt útlit sé fyrir hóflegri vöxt í fjölgun ferðamanna en á undanförnum árum þá er brýnt að finna leiðir, eins og Bláa lónið hefur gert, til að dreifa álaginu betur um helstu ferðamannasvæði landsins. Sterkt gengi krónunnar þýðir einnig að fyrirtæki í ferðaþjónustu þurfa að bregðast við erfiðara rekstrarumhverfi. Hagræðing og veruleg samþjöppun er óumflýjanleg. Það er hins vegar engin ástæða til svartsýni. Vaxandi áhugi erlendra fyrirtækja og sjóða á að fjárfesta í íslenskri ferðaþjónustu sýnir það.




## Halldór




## Frá degi til dags

**Sömu kosningar**

Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir, oddviti lista Framsóknar og flugvallarvina í borginni, sagði á dögunum, í viðtali á Útvarpi Sögu, að hugmyndir væru uppi um að koma á fót sérstökum skóla fyrir börn flóttamanna. Nefndi Sveinbjörg „sokkinn kostnað“ í því samhengi.

Það er ljóst að borgarstjórnarkosningar eru á döfinni en kosið verður á næsta ári. Fyrir þremur árum hífði oddvitinn Framsókn og flugvallarvini upp úr svaðinu í tvo menn. Taktíkin þá samanstóð af tveimur málum, andúð í garð innflytjenda og framtíð Reykjavíkurflugvallar. Það virðist vera að nú eigi að spenna bogann í sömu kosningabaráttu.

**Full vinna**

Ummælin fóru hins vegar ekki rétt ofan í alla. Samband ungra framsóknarmanna sá meðal annars ástæðu til að mótmæla málflutningi Sveinbjargar Birnu. Hvort henni verði treyst fyrir því að leiða listann aftur, eftir frækinn kosningasigur, getur tíminn einn leitt í ljós.

Verði það svo munu hinir ungu Framsóknarmenn líklega naga sig í handarbökin því ef sagan kennir okkur eitthvað gætu þeir endað í fullu starfi við að senda yfirlýsingar vegna málflutnings borgarfulltrúans.

johannoli@frettabladid.is

# Æ, Björt, svaraðu mér



Kolbeinn Óttarsson Proppé,
þingmaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs

Hæstvirtur umhverfis- og auðlindaráðherra, Björt Ólafsdóttir. Vonandi misvirðir þú þetta opna bréf ekki við mig, eða heldur að ég láti formlegheit þingsalarins lönd og leið og ávarpi þig einungis með fornafni.

Þannig er nefnilega mál með vexti, Björt, að 24. maí var fyrirspurn minni til þín dreift á Alþingi. Ég var í sjálfu sér ekkert að stressa mig á svarleysinu strax, en nú er svo komið að það er liðinn 71 dagur án svars og 51 virkur dagur. Og þar sem ég veit að þú berst gegn fúski, Björt, undra ég mig pínulítið á þessu, samkvæmt lögum um þingsköp ber þér nefnilega að svara mér „eigi síðar en 15 virkum dögum eftir að fyrirspurn var leyfð“.

Trauðla mundi ég þó angra þig með þessu ef málefnið væri ekki ansi brýnt. Þetta snýst nefnilega um línulagnir á og við vatnsverndarsvæði. Í þeim málum hefur heilmikið gerst í sumar á meðan þú hundsaðir lög um þingsköp og svaraðir mér ekki. Hér er annars fyrirspurnin:

*1. Telur ráðherra, í ljósi þess að í Áhættumati vegna vatnsverndar fyrir Sandskeiðslínu 1 og tengivirki á Sandskeiði, sem verkfræðistofan EFLA gerði fyrir Landsnet og birt var í febrúarbyrjun 2017, er bent á hættu á mengun vatnsbóla höfuðborgarsvæðisins meðan á framkvæmdum við Sandskeiðslínu 1 og tengivirki stendur, að færa skuli áformaða háspennulínu fjær vatnsbólunum?*

*2. Hvernig telur ráðherra að haga beri eftirliti með framkvæmdum, skilyrðum um magn og meðferð mengandi efna á vatnsverndarsvæðunum og öðrum mengunarvarnarráðstöfunum ef af lagningu Sandskeiðslínu 1 verður um þær slóðir sem nú er gert ráð fyrir?*

*3. Telur ráðherra, í ljósi Hæstaréttardóms í máli nr. 575/2016, þar sem fellt var úr gildi framkvæmdaleyfi og umhverfismat vegna Suðurnesjalínu 2, sem einnig tók til Sandskeiðslínu 1, að gera þurfi nýtt umhverfismat vegna Sandskeiðslínu 1?*

**Í þeim málum hefur heilmikið gerst í sumar á meðan þú hundsaðir lög um þingsköp og svaraðir mér ekki.**

Það sem hér er kallað Sandskeiðslína 1 heitir nú Lyklafellslína. Spurningar standa hins vegar og það er brýnt að fá svör, því nú er komið að veitingu framkvæmdaleyfis. Björt, gerðu það svaraðu mér.

E.s. Ég hef farið fram á fund í umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um þessa línulögn og það væri nú gaman að hafa fengið svar fyrir hann.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.
Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Síðasta kynslóðin

Í DAG



Bergur Ebbi

Það sem sameinar hugsuði úr öllum kimum samfélagsins er að vilja skilgreina nýja kynslóð. Skáldin vilja gera það, stjórnmálastéttin líka að ógleymdu markaðsfólkinu sem elskar að þrusa út glæru eftir glæru um ufsilón-kynslóðina, zeta-kynslóðina eða hvers vegna baby-boom kynslóðin elskar Ford Explorer jeppa. Ég er engin undantekning. Ég hef oft hugsað um hvaða kynslóð ég tilheyri og hvort hún hafi nægilega skýra rödd og sérkenni.

En hvað skilgreinir kynslóðir? Það má líta á það frá ýmsum hliðum og þó maður þurfi að taka sem flesta þætti inn í heildarjöfnuna þá hefur hver höfundur sitt lag á að finna útgangspunkt. Sjálfum finnst mér mest upplýsandi að nálgast kynslóðasögu síðustu áratuga út frá tækni. Hinn eiginlegi nútími, meðal annars innkoma módernisma í listum, er stundum talin hefjast með heimstyrjöldinni fyrri. Þegar tækni breytti stríðsrekstri þannig að allir voru þátttakendur og óbreyttir borgarar féllu jafnt sem hermenn. Tækni átti síðar eftir að draga fólk enn meira inn í stríð með sjónvarpsútsendingum og sífelldri miðlun þjáningar og hörmunga. Tæknin molaði sundur borgaramenninguna, fremur en nokkuð annað. Það var tækni sem gerði tónlist kleift að þróast á 7. áratugnum, það var líka tæknilegt ferli að baki þróun á fíkniefnum sem breytti skynjun fólks á þeirri sömu tónlist. Það voru tækni og vísindi sem bjuggu til getnaðarvarnarpilluna, atómsprengjuna og allt hitt sem mótað hefur sérkenni kynslóða. Það er staðreynd að kynslóðir mótast af tækni. Hvort tækninýjungarnar hafi komið vegna breyttra lífshátta, eða öfugt, er svo klassísk spurning um hænuna og eggið sem óþarfi er að svara hér. Hér er tæknin aðeins notuð sem linsa til að kanna annan punkt.

Í kynslóðafræðum birtist líka sú hugmynd að hver kynslóð berjist fyrir sérkennum sínum til að öðlast tilverurétt. Eldri kynslóðir eru síður en svo að fara að breyta háttum sínum. Öskrandi Jim Morrison í leðurbuxum var aldrei að fara að sannfæra pabba sinn, sjóhers-aðmírálinn, um að gera slíkt hið sama. Hver kynslóð gerir sitt, og það gerir hana raunverulega. Og hver kynslóð átti sína tækninýjung til að miðla hugmyndum sínum. Við vorum með heila kynslóð sem sótti sérkenni sín og heimsmynd í plötuspilarann; kynslóð sem sat undir súð í vinnubuxum og reykti pípu í Pink Floyd móðu, svo aðra sem mótaðist af áhorfi á síbylgju MTV og tilviljunarkennt úrval slagsmálamynda á VHS og að lokum tölvuleikjakynslóð, LANara, irc-ara og aðra frumkvöðla internetmenninga. Og svo er það snjallsímakynslóðin, börnin sem þekkja ekkert nema sítengingu. Sítenging mun móta þau frekar en nokkuð annað – Z-kynslóðina, eins og markaðsfræðingar kalla þá kynslóð sem ekki hefur neina reynslu af að búa í heimi sem ekki er sítengdur.

En hér hikstar kerfið. Pabbi Jim Morrison tók aldrei LSD en foreldrar snjallsímakrakkanna eru líka með snjallsíma. Og ekki bara það. Þau eru að mestu leyti jafn mótuð af honum og þeir sem þekkja ekkert annað. Þau eru vissulega mótuð af ýmsu öðru – en sítengingin er ekki eins og hver önnur tækninýjung. Sítengingin er hlekkur kynslóða við allar aðrar kynslóðir. Sítengingin færir ekki aðeins lifandi fólk saman, heldur lifandi við dauða og lifandi við ófædda. Snjallsímakynslóðin er síðasta kynslóðin og það tilheyra henni allir nú þegar.

**Það kemst enginn upp með að vera með gamaldags skoðanir þó hann sé fæddur fyrir meira en hálfri öld því þær skoðanir fæðast ekki bara og deyja í heita pottinum heldur skríða þær upp um alla veggi, verða fyrir skjáskoti og dreifast þaðan inn í vitund fjöldans.**

Þetta eru stór orð. En veltið þessu aðeins fyrir ykkur. Það er ekki lengur ráðrúm fyrir hverja kynslóð að hafa sitt siðferði. Það kemst enginn upp með að vera með gamaldags skoðanir þó hann sé fæddur fyrir meira en hálfri öld því þær skoðanir fæðast ekki bara og deyja í heita pottinum heldur skríða þær upp um alla veggi, verða fyrir skjáskoti og dreifast þaðan inn í vitund fjöldans. Eða öfugt. Nýstárleg hugmynd úr hópi þeirra yngstu fær ekki lengur að fóstrast og vaxa aðeins þar. Hún gerir það fyrir augum eldri kynslóða. Þetta snýst ekki lengur um að vera framsækinn eða gamaldags. Áður voru gildi og hugsjónir að miklu leyti bundin við aldur. Eldri hneyksluðust á yngri og yngri hneyksluðust á eldri. Pabbi Jim Morrison hneykslaðist á síðu hári og friðarást en blómaböm hneyksluðust á þjóðernisást og herskyldu.



En í fyrsta skipti í sögunni hefur nú hvert mannsbarn, sem einstaklingur en ekki sem hluti af kynslóð, möguleikann á því að dæma sjálfur hvor hugmyndin sé réttari. Það eru ekki lengur kynslóðir. Það eru bara hópar og straumar, sem vinna lóðrétt á aldursbil. Fyrir mér segir það ekkert þó að stjórnmálaflokkur tefli fram fólki sem fætt er eftir 1980, það fólk getur allt eins átt meiri samleið með pabba Jim Morrison – sem þarf ekkert að vera slæmt því í þessu nýja kerfi er varla hægt að tala um að hugmyndir séu gamaldags eða nýstárlegar. Það er svo auðvelt að vera nýstárlegur, bara tjúna inn og gerast áskrifandi að því sem trendar hverju sinni. Siðferðisþrek verður alltaf eftirsóknarvert, en það mun ekki fóstrast innan ákveðinna aldursbila lengur. Það er úrelt hugsun, og kannski eina hugsunin sem er í raun og veru gamaldags.



FRÉTTABLAÐIÐ

# SPORT



Framherjinn Sergio Agüero, lengst til vinstri, bregður á leik með félögum sínum. Lengst til hægri er fyrirliðinn Vincent Kompany. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

# Ekki venjulegur æfingaleikur

**Manchester City og West Ham mætast á Laugardalsvelli klukkan 14.00 í dag en þetta er í fyrsta sinn sem lið úr ensku úrvalsdeildinni mætast hér á landi. Knattspyrnustjórar liðanna taka leikinn alvarlega.**

**FÓTBOLTI** Það verður stór stund á Laugardalsvelli í dag þegar ensku úrvalsdeildarliðin Manchester City og West Ham munu eigast við. Þetta er síðasti æfingaleikur beggja liða fyrir upphaf nýs tímabils í ensku úrvalsdeildinni.

„Við erum fyrst og fremst ánægðir með að vera á Íslandi. Þetta er land sem maður fær ekki oft tækifæri til að heimsækja,“ sagði brosmildur Pep Guardiola við íþróttadeild á Laugardalsvelli í gær en bæði lið æfðu þar síðdegis í gær.

City hefur spilað frábærlega á undirbúningstímabilinu til þessa og eytt háum fjárhæðum í nýja leikmenn – einn þeirra er bakvörðurinn Kyle Walker sem er eins og flestir í liðunum að koma til Íslands í fyrsta sinn.

„Þetta er svolítið öðruvísi en á Englandi en við erum spenntir fyrir því að fá að spila hérna og fyrir okkar stuðningsmenn á Íslandi. Vonandi tekst okkur að búa til góðar minningar fyrir þá,“ sagði hann við Fréttablaðið í gær.

> Þetta er alvöru leikur sem mun sýna hvar við stöndum rétt áður en nýtt tímabil hefst.
>
> Slaven Bilic, knatspyrnustjóri West Ham



**Fjárhagur liðanna afar ólíkur**

„En það er alveg ljóst að þetta verður erfiður leikur gegn sterku liði úr ensku úrvalsdeildinni. Við höfum þó spilað gegn mörgum góðum liðum í sumar en fyrst og fremst viljum við fá fleiri mínútur og komast í betra form áður en nýtt tímabil hefst í ensku úrvalsdeildinni.“

Walker er einn þriggja bakvarða sem City hefur keypt í sumar fyrir meira en 120 milljónir punda samtals. Mark Noble, fyrirliði West Ham, notaði það sem dæmi um hversu mikill munur væri á fjárhögum liðanna.

„Dýrasti leikmaður í sögu West Ham kostaði 24 milljónir punda og það sýnir þennan mun ágætlega. En við erum með gott lið og munum leggja okkur alla fram,“ sagði Noble fyrir æfingu West Ham á Laugardalsvelli í gær.

**Forréttindi að spila hér**

Slaven Bilic lítur á leikinn í dag sem mikilvægan þátt í undirbúningi sínum fyrir nýtt tímabil.

„Þetta er stórleikur og það eru nokkrar ástæður fyrir því,“ sagði hann. „Þetta er síðasti leikur beggja liða fyrir upphaf nýs tímabils og svo er þetta í fyrsta sinn sem að tvö ensk úrvalsdeildarlið mætast á Íslandi. Það eru mikil forréttindi fyrir okkur að taka þátt í því. Þetta er því ekkert venjulegur æfingaleikur. Þetta er alvöru leikur sem mun sýna hvar við stöndum rétt áður en nýtt tímabil hefst.“



Pablo Zabaleta, sem kom til West Ham frá City í sumar, skokkar hér á Laugardalsvelli. Með honum er fyrirliðinn Mark Noble. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

West Ham hefur verið öflugt á leikmannamarkaðnum, rétt eins og City, og fékk til að mynda Javier Hernandez frá Leverkusen, Pablo Zabaleta frá Manchester City og Marko Arnautovic frá Stoke.

„Það eru þó ekki allir í sínu besta leikformi, til að mynda Chicharito (Hernandez) sem kom til okkar fyrir einni viku síðan. Það eru einhver meiðsli frá síðasta tímabili og einhverjir munu missa af örfáum leikjum, en við erum ánægð með stöðu mála,“ sagði Bilic.

**Einbeiti mér að fótboltanum**

Walker segir að sér hafi verið vel tekið hjá City og að liðið spili knattspyrnu sem henti honum vel. Walker var keyptur frá Tottenham þar sem hann var á sínum tíma samherji Gylfa Þórs Sigurðssonar.

„Eftir að hafa verið hjá sama liðinu í níu ár hefur þetta verið öðruvísi sumar fyrir mig. En ég hef kynnst mörgum strákanna hjá City í gegnum landsliðið og það var auðvelt að komast inn í málin hér,“ sagði Walker sem óttast ekki að það sé pressa á honum eftir að hann var keyptur á 6,1 milljarð króna í sumar.

„Það er bara á milli félaganna og þeirra ákvörðun. Ég held mig bara við það að spila fótbolta og gera það sem gerði það að verkum að ég er orðinn leikmaður Manchester City. Vonandi tekst mér að sýna hversu mikils virði ég er.“ eirikur@355.is

## Nýjast

**Pepsi deild kvenna**

**Grindavík - Stjarnan 0-0**

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| Þór/KA | 31 | Grindavík | 13 |
| Stjarnan | 26 | FH | 12 |
| ÍBV | 25 | KR | 6 |
| Breiðablik | 23 | Fylkir | 4 |
| Valur | 19 | Haukar | 1 |

**EM 2017 í Hollandi**

**Undanúrslit**

**Danmörk - Austurríki 0-0**
Danmörk vann 3-0 í vítaspyrnukeppni.

**Holland - England 3-0**
1-0 Vivianne Miedema (22.), 2-0 Daniëlle van de Donk (62.), 3-0 Millie Bright, sjálfsmark (90.)

Holland og England spila til úrslita um Evrópumeistaratitilinn á sunnudaginn kemur.

**KR-INGAR SLUPPU VIÐ LANGT FERÐALAG Í EVRÓPUKEPPNINNI**

Íslands- og bikarmeistarar KR mæta belgíska liðinu Belfius Mons-Hainaut í fyrstu umferð undankeppni FIBA Europe Cup í körfubolta og takist þeim að slá Belgana út þá bíða búlgörsku meistararnir í Beroe í annarri umferðinni. KR-ingar sluppu við langt ferðalag en öll hin liðin sem þeir gátu mætt í fyrstu umferðinni voru mun lengra í burtu. Liðið frá Mons endaði í sjöunda sæti í belgísku deildinni í fyrravetur.

**NEYMAR ORÐINN DÝRASTI LEIKMAÐUR SÖGUNNAR**



Brasilíumaðurinn Neymar er formlega orðinn langdýrasti knattspyrnumaður allra tíma en PSG hefur staðfest að hann sé orðinn leikmaður félagsins. Franska liðið greiddi 222 milljónir evra, 27,4 milljarða króna, fyrir kappann. Paul Pogba var áður dýrasti leikmaður heims en Manchester United keypti hann frá Juventus fyrir ári síðan á 105 milljónir punda. Fram kemur í frétt BBC að Neymar muni þéna 865 þúsund evrur í vikulaun, jafnvirði 106 milljóna króna, fyrir skatt. Hann gerir fimm ára samning við PSG en þegar allar tölur hafa verið lagðar saman mun samningurinn vera 450 milljóna evra virði – 55,5 milljarða króna.

**EKKERT GEKK HJÁ ÓLAFÍU**



Ólafía Þórunn Kristinsdóttir spilaði fyrsta hring á opna breska meistaramótinu í golfi á þremur höggum yfir pari. Mestu munaði um að hún tapaði þremur höggum á fimmtándu og sextándu holu á Kingsbarnvellinum í gær. „Það gekk ekkert upp. Ég var ótrúlega óheppin í púttunum – krækti alltof oft, var rétt á brúninni. Þetta var því ekki nógu gott. En ég á ferskar flatir á morgun. Þær voru nokkuð ójafnar í dag. Við sjáum bara hvað gerist á morgun,“ sagði hún.

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 10.00 | Opna breska | Golfstöðin |
| 13.40 | Super Match upphitun | Sport |
| 14.00 | Super Match | Sport |
| 17.30 | WGC: Bridgestone | Golfst. |
| 18.40 | Sunderland - Derby | Sport |

**The Super Match**

| | | |
|---|---|---|
| 14.00 | M.City - W. Ham | Laugard.v. |

# SKÓLATÖLVUR Á LÆGRA VERÐI !

tl.is

ASUS



74.995

## FULL HD IPS SKJÁR

### 256GB OG INTEL i3

ASU-X541UADM1007T

FALLEGA HÖNNUÐ 15,6" MEÐ STÓRUM 256GB SSD OG KRISTALTÆRUM FHD SKJÁ MEÐ IPS SKJÁTÆKNI.

15,6" FULL HD IPS
- INTEL CORE i3
- INTEL HD 520
- 4GB MINNI
- 256GB SSD



## INTEL i5 OG TVEIR DISKAR

### SSD OG HDD

ASU-F556UADM805T

MJÖG KRAFTMIKILL INTEL i5 ÖRGJÖRVI OG AUKINN HRAÐI MEÐ 128GB SSD DISKI OG 1TB GAGNADISKI. GLÆSILEGA BLÁ OG SILFRUÐ.

15,6"FULL HD
- INTEL i5
- INTEL HD 620
- 8GB MINNI
- 128GB SSD / 1TB HDD

114.995



59.995

## 15,6" FULL HD OG 128GB SSD

### ÓTRÚLEGT VERÐ

ASU-E502NADM047T

LÍKLEG TIL VINSÆLDA FYRIR SKÓLANN. 15,6" FHD HÁSKERPUSKJÁR, INTEL ÖRGJÖRVI OG HRAÐVIRKUR 128GB SSD DISKUR. STÍLHREIN OG GLÆSILEGA HÖNNUÐ.

15,6" FULL HD
- INTEL DUAL CORE
- INTEL HD 500
- 4GB MINNI
- 128GB SSD



## A8 OG STÓR 512GB SSD

### FRÁBÆR KAUP

ASU-X540YADM075T

FRÁBÆR KAUP. HRAÐVIRKUR 512GB SSD, 8GB VINNSLUMINNI OG FJÖGURRA KJARNA A8 ÖRGJÖRVI TRYGGJA HRAÐA VINNSLU

15,6" FULL HD
- QUAD CORE
- RADEON R5
- 8GB MINNI
- 512GB SSD

89.995

## SÉRSTAKLEGA HRAÐVIRK MEÐ 512GB SSD

### INTEL i7 OG 512GB SSD

ASU-X556URDM393T

SÉRSTAKLEGA SPRÆK VINNSLA MEÐ INTEL i7 ÖRGJÖRVA, 8GB VINNSLUMINNI OG 512GB SSD DISKI. FHD SKJÁR OG ÖFLUGT 930M SKJÁKORT.

15,6" FULL HD
- INTEL CORE i7
- nVidia GeForce 930M
- 8GB MINNI
- 512GB SSD



149.995



F-Secure

## VÍRUSVÖRN FYLGIR !

ÁRSÁSKRIFT AF F-SECURE SAFE ÖRYGGISPAKKA MEÐ VÍRUSVÖRN AÐ VERÐMÆTI 5.995 FYLGIR MEÐ ÖLLUM SKÓLATÖLVUM Í ÁGÚST!

TÖLVU LISTINN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKRANES |
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRTORG | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 |

## Merkisatburðir

**1796** Hannes Finnsson Skálholtsbiskup deyr. Hann er einn menntaðasti Íslendingur sinnar tíðar. Af ritum hans má til dæmis nefna Um mannfækkun af hallærum á Íslandi.

**1907** Ungmennafélag Íslands er stofnað og er fyrsti formaður þess Jóhannes Jósefsson.

**1914** Fyrri heimsstyrjöldin: Þýskaland ræðst á Belgíu. Í kjölfarið lýsir Bretland yfir stríði við Þýskaland. Bandaríkin lýsa yfir hlutleysi.

**1928** Ásta Jóhannesdóttir syndir frá Viðey til Reykjavíkur. Sundið tekur tæpar tvær klukkustundir og er um fjórir kílómetrar.

**1946** Jarðskjálfti, 8,0 að styrk, skekur Dóminíska lýðveldið. Hundrað látast og yfir 20 þúsund tapa heimilum sínum.

**1984** Efri-Volta tekur upp nafnið Búrkína Fasó.

**1993** Alríkisdómari dæmir tvo lögreglumenn frá Los Angeles í þrjátíu mánaða fangelsi fyrir að hafa brotið á réttindum Rodneys King.

**2007** NASA sendir geimfarið Fönix út í geiminn.



Afmælisbarnið, Gunnar Már Hauksson, ásamt syni sínum, Hauki Gunnarssyni á góðri stundu. MYND/GUNNAR MÁR HAUKSSON

# Alltaf verið rosalega gaman í afmælinu mínu

**Gunnar Már Hauksson skortir ekki hugmyndirnar þegar kemur að því að skipuleggja afmælisveislur. Í ár komu afkomendurnir til hans en eitt sinn brá hann á það ráð að koma öllum á hlutlausan stað ytra. Veisla og tónleikar voru í boði á áttatíu ára afmæli kappans.**

Gunnar Már Hauksson, fyrrverandi útibússtjóri í Búnaðarbankanum og skrifstofustjóri Landakotsspítala, varð áttræður í vikunni. Í tilefni af því blés hann til tveggja daga afmælisgleði.

Það er ekkert grín fyrir Gunnar að koma afkomendum sínum á sama stað, en þeir eru búsettir víðsvegar á jarðarkringlunni. Ein dóttir hans er búsett í Berlín ásamt fjölskyldu og önnur er staðsett í Noregi.

„Ég ætlaði að vísu ekki að halda upp á afmælið en þegar ég frétti að þau væru að koma ákvað ég að halda veislu,“ segir Gunnar.

Börn Gunnars eru alls fimm en síðast er hann átti stórafmæli ákvað hann að bjóða öllum í ferð á Pýrenaskagann. Þá voru afkvæmin enn dreifðari og sá afmælisbarnið þann kost vænstan að bjóða öllum, börnum og barnabörnum, í ferðina.

> **Þetta var í júlí 2007 og ég tók þá ákvörðun að selja öll hlutabréfin mín í Kauphingi og bjóða öllum með. Ég held að þetta hafi verið hárréttur tími til að eiga afmæli því bréfin voru þá í hæstu hæðum.**

„Þetta var í júlí 2007 og ég tók þá ákvörðun að selja öll hlutabréfin mín í Kaupþingi og bjóða öllum með. Ég held að þetta hafi verið hárréttur tími til að eiga afmæli því bréfin voru þá í hæstu hæðum,“ segir Gunnar og hlær. Þá voru börn hans enn dreifðari, allt frá Tromsö til Mílanó.

Fögnuðinum vegna áttræðisafmælisins lauk síðan í gær. Þá héldu Gunnar og Egill, næstyngsti sonur hans, upp á sameiginlegt 130 ára afmæli með tónleikum í Áskirkju.

„Egill varð fimmtugur í fyrra og ætlaði að halda tónleikana þá en þurfti að slá þeim á frest. Við ákváðum því að gera þetta svona þegar í ljós kom að fólkið okkar var að koma frá útlöndum,“ segir Gunnar.

Á tónleikunum var boðið upp á verk eftir Egil en sá er tónskáld. Meðal þeirra sem komu fram voru Gissur Páll, kórinn Hljómeyki að ógleymdum öðrum kór sem kallast Silfur Egils. „Það nafn var komið löngu áður en sjónvarpsþátturinn kom til sögunnar,“ segir Gunnar og hlær á ný.

Afmælistónleikarnir eru heldur ekki í fyrsta sinn sem Gunnar slær afmælum saman. Það gerðu hann og eiginkona hans heitin þegar þau urðu fertug svo úr varð áttatíu ára afmæli. Fimmtugsafmælið var haldið í Noregi og sextugsafmælið í Grímsnesi. „Það hefur alltaf verið rosalega gaman í afmælinu mínu en sérstaklega í Vatnsholti í fyrradag,“ segir Gunnar að lokum.

johannoli@frettabladid.is

---



Elsku besta mamma okkar,
tengdamamma, amma og langamma,

**Erla Scheving Thorsteinsson**
Hjallaseli 55, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Seljahlíð 30. júlí sl. Útförin fer fram frá Seljakirkju miðvikudaginn 9. ágúst klukkan 15.
Þeim sem vildu minnast hennar er vinsamlega bent á Kraft, stuðningsfélag ungs fólks með krabbamein, kt. 571199-3009, bankanúmer 327-26-112233.
Hugheilar þakkir færum við starfsfólki Seljahlíðar fyrir einstaka umönnun og hlýja nærveru.

**Magnús Ólafsson** **Dýrleif Arna Guðmundsdóttir**
**Sigríður Ólafsdóttir**
**Þórhildur Lilja Ólafsdóttir** **Jón Pálmi Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför minnar ástkæru eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Lofthildar K. Loftsdóttur**

sem var jarðsungin 20. júlí sl. í kyrrþey að eigin ósk.

**Ragnar Franzson**
**Hannes Þ. Ragnarsson** **Ólöf Stefánsdóttir**
**Bergþór Ragnarsson** **Þórdís Friðfinnsdóttir**
**Eiríkur Ragnarsson** **Jakobína H. Gröndal**
**Rannveig S. Ragnarsdóttir** **Aðalsteinn Sverrisson**
**Helga M. Ragnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær eiginmaður minn og bróðir,

**Birgir Matthíasson**

lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund þann 25. júlí.
Útför hans fer fram frá Grafarvogskirkju þriðjudaginn 8. ágúst kl. 15.

**Guðrún Ásmundsdóttir**
**Hrafnhildur Matthíasdóttir** **Jón Guðmundsson**

---



Ástkær eiginkona mín,
móðir okkar og tengdamóðir,

**Kolbrún Sigurðardóttir**
Lindargötu 37, Reykjavík,

er látin. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk Kolbrúnar. Við viljum þakka starfsfólki kvennadeildar LSH og líknardeild LSH fyrir góða umönnun og hlýhug.

**Skarphéðinn Gunnarsson**
**Hrund Skarphéðinsdóttir** **Óskar Hannesson**
**Tjörvi Skarphéðinsson**
**Heimir Skarphéðinsson** **Dýrleif Jónsdóttir**

---



Eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir og afi,

**Tryggvi Eyjólfsson**
Lambavatni,
Rauðasandi,

lést á Landspítala við Fossvog þann 30. júlí síðastliðinn. Jarðarför auglýst síðar.

**Erla Þorsteinsdóttir**
**Guðrún Barbara Tryggvadóttir** **Guðjón Sigurbjartsson**
**Hrefna Clausen**
**Þorsteinn Gunnar Tryggvason**
**Eyjólfur Tryggvason** **Margrét Brynjólfsdóttir**
**og barnabörn.**

---



Okkar innilegustu þakkir til allra þeirra, er auðsýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Sigurðar Ólafssonar**
Höfða, hjúkrunar- og dvalarheimili, Akranesi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Sjúkrahúss Akraness og Dvalarheimilisins Höfða.

**Ólafur Frímann Sigurðsson** **Anna Jakobsdóttir**
**Margrét Sólveig Sigurðardóttir** **Friðrik Ottó Ragnarsson**
**Emelía Petrea Sigurðardóttir** **Ragnar Már Sveinsson**
**Ólína Ása Sigurðardóttir**
**og afabörn.**

Fólk
Lífsstíll
FÖSTUDAGUR 4. ÁGÚST 2017



Margir hafa fengið matarást á Helen Jóönnu Halldórsdóttur en hún eldar og bakar í Gamla kaffihúsinu í Fellahverfi Efra-Breiðholts.

lífsstíll →8

LÍFRÆNT NAMMI
FYRIR ÞIG OG BARNIÐ ÞITT




• GLÚTENFRÍTT
• LAKTÓSAFRÍTT
• ÁN GERVIEFNA
www.vitta.is



Bjartmar er langt kominn með nýja plötu. „Það vantar bara herslumuninn en ég get ekki upplýst nákvæmlega hvenær hún kemur út. Bransinn hefur breyst mikið síðustu árin og er miklu erfiðari en áður. Tónlistarmenn selja þó enn mikið af diskum á tónleikum, enda selur enginn diska ef hann hangir heima!" MYND/LAUFEY

# Segir sögur á sviðinu

Bjartmar Guðlaugsson ætlar að rokka alla leið um helgina. Hann kemur fram á Útlaganum á Flúðum og á Þjóðhátíð í Eyjum og brátt er von á nýrri plötu frá honum. →2

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is



Framhald af forsíðu

Komdu endilega í kaffi, ég verð heima," segir Bjartmar Guðlaugsson glaður í bragði þegar blaðamaður hringir og falast eftir viðtali við hann. Bjartmar býr í Vesturbænum með Maríu Helenu Haraldsdóttur, eiginkonu sinni, en húsið þeirra er ekki aðeins þak yfir fjölskylduna, heldur einnig vinnustofa og myndlistargallerý. „Ég vinn mikið heima og húsið er alltaf opið. Mér finnst gott að búa hérna, dæturnar þrjár og barnabörnin átta eru í næsta nágrenni en ég er mikill fjölskyldmaður," upplýsir Bjartmar sem er í óðaönn að undirbúa sig fyrir verslunarmannahelgina sem leggst vel í hann, eins og alltaf.

Bjartmar ætlar að spila fyrir gesti Útlagans á Flúðum á föstudaginn, sem hann segir að sé meira eins og einkasamkvæmi en útihátíð. Síðan liggur leiðin á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum. „Þar spila ég á sunnudeginum með hörkurokkbandi sem Halldór Fjallabróðir stjórnar og við ætlum að rokka alla leið! Við erum búnir að æfa stíft undanfarið og eigum eina, tvær æfingar eftir áður en við komum fram. Ég ætla að taka öll helstu lögin mín og verð með marga góða söngvara með mér á sviðinu. Mér finnst líka frábært þegar áhorfendur syngja með. Ég ber engan kinnroða af því að viðurkenna að þótt ég vilji gefa mig út fyrir að vera rokkari veit ég vel að ég er skemmtikraftur, eða bara trúður. En maður verður að reyna að lúkka svolítið kúl," segir Bjartmar og skellir upp úr.

## Búinn að týna tölunni

Þegar Bjartmar er spurður hvað hann hafi spilað á mörgum útihátíðum segist hann ekki hafa hugmynd um það. „Ég er búinn að vera í þessum bransa í fjörutíu ár og er löngu búinn að týna tölunni á því. Ég man hins vegar vel eftir því þegar ég var átta ára og sat í fyrsta sinn á sviðinu á Þjóðhátíð. Þá voru Elly Vilhjálms og Raggi Bjarna að syngja ásamt hljómsveit Svavars Gests sem var vinsælasta bandið á landinu á þessum tíma. Okkur krökkunum var hent upp á svið og við fengum að sitja og fylgjast með þeim. Þá gat ég ekki ímyndað mér að ég myndi standa á þessu sviði sjálfur að spila en það var samt alltaf draumurinn," rifjar hann upp.

Í fyrsta sinn sem Bjartmar spilaði á Þjóðhátíð var hann um tvítugt og spilaði á trommur. „Ég hóf minn tónlistarferil sem trommuleikari og mundaði kjuðann í mörg ár áður en ég fór að spila á gítarinn og flytja mitt eigið efni. Eftir að ég gaf út fyrstu plötuna mína árið 1984 hef ég spilað á fjölda útihátíða og oft á goslokahátíð. Svo hef ég samið nokkur þjóðhátíðarlög og texta. Árið 1989 samdi ég texta við lag Jóns Ólafssonar, Í brekkunni. Goslokalagið Leiðin heim er eftir mig, en það var samið 2013 í tilefni þess að fjörutíu ár voru liðin frá lokum Heimaeyjargossins. Ég hef sterkar taugar til Eyja, enda alinn þar upp og margir af mínum bestu vinum búa þar. Ég spilaði líka í Atlavík þegar sú hátíð var upp á sitt besta en mér er þó sérlega minnisstætt þegar við Pétur Kristjáns spiluðum í Húnaveri árið 1986. Þar eyddum við helginni með fjölskyldum okkar í skítakulda og það kom ekki hræða á hátíðina. Á sama tíma var majorkaveður á Suðurlandi," segir hann og skellihlær. „En það var gaman hjá okkur. Ég tek fjölskylduna alltaf með mér á svona hátíðir og hef ekki verið einn um það því stundum hafa þrjú, fjögur burðarrúm verið baksviðs á tónleikum. Ég hef líka alltaf lagt mig fram um að það sé rokk og ról og að ég hafi gaman af þessu sjálfur. Ef ég hef ekki gaman af því að spila sjálfur get ég varla búist við því að fá góðar móttökur."



„Ég ber engan kinnroða af því að viðurkenna að þótt ég vilji gefa mig út fyrir að vera rokkari veit ég vel að ég er skemmtikraftur, eða bara trúður. En maður verður að reyna að lúkka svolítið kúl," segir Bjartmar. MYND/LAUFEY

## Sagan á bak við lagið

Eftir Bjartmar liggur ógrynni af lögum og textum og hann á meðal annars lagið Þannig týnist tíminn sem var valið Óskalag þjóðarinnar fyrir þremur árum. Þegar Bjartmar er spurður hvaða lag honum þyki vænst um segist hann alls ekki geta gert upp á milli þeirra. „Ég legg allt í það sem ég geri hverju sinni og læt ekkert frá mér nema ég sé ánægður en samt er ég aldrei fullkomlega ánægður."

Bjartmar er þekktur fyrir skemmtilega sviðsframkomu en hann hefur mikla útgeislun, er persónulegur og einlægur og segir áhorfendum gjarnan frá því hvernig lögin hans urðu til. „Það er saga á bak við hvert lag. Lögin mín og textar hafa öll orðið til vegna einhverra hugmynda sem hafa kviknað af einhverjum ástæðum. Áður fyrr var ég þekktur fyrir að vera gagnrýninn á samfélagið en ég veit ekki hver á að skila slíkri gagnrýni betur en skáld og listamenn. Ég hef þó mildast með árunum og núna segi ég frekar sögur. Ég segi bara eins og Johnny Cash forðum: „Ég veit ekki hvað ég er búinn að syngja mörg lög og semja en ég er búinn að segja ansi margar sögur."



„Ég hóf minn tónlistarferil sem trommuleikari og mundaði kjuðann í mörg ár áður en ég fór að spila á gítarinn og flytja mitt eigið efni. Eftir að ég gaf út fyrstu plötuna mína árið 1984 hef ég spilað á fjölda útihátíða og oft á goslokahátíð." MYND/LAUFEY

## Ný plata í smíðum

Sjö ár eru liðin frá því að Bjartmar gaf síðast út plötu en hún ber heitið Skrýtin veröld og þar spilar hann með Bergrisunum. Hann segist vera með nýja plötu í smíðum sem sé nánast tilbúin. „Það vantar bara herslumuninn en ég get ekki upplýst nákvæmlega hvenær hún kemur út. Tónlistarbransinn hefur breyst mikið síðustu árin og er miklu erfiðari en áður. Í raun stjórna fjölmiðlar og útvarpsstöðvar markaðnum. Tónlistarmenn selja þó enn mikið af diskum á tónleikum, enda selur enginn diska ef hann hangir heima! Það þýðir ekkert að hætta að semja tónlist þótt tæknin hafi breyst og tónlist sé seld ódýrt á netinu."

Bjartmar fylgist vel með ungu, íslensku tónlistarfólki og segir að æskan hafi aldrei verið jafnflott og einmitt núna. „Ég hef mikla trú á unga fólkinu okkar. Það er spriklandi úti um allan heim, í námi, tónlist, listum eða íþróttum. Sjálfur upplifi ég mikla velvild í minn garð frá ungu tónlistarfólki og það leitar stundum til mín með spurningar sem ég reyni að svara. Mér finnst ánægjulegt hvað það er gott á milli ungu kynslóðarinnar og okkar skallapopparanna," segir Bjartmar brosandi og bætir við að hann hafi sérlega gaman af rappi. „Rappið kemur ljóðinu svo vel til skila. Þar er ljóðið frjálst en almennt hugsa ég meira í myndlist og ljóðlist en tónlist. Ef ég væri tvítugur í dag væri ég rappari."

En myndi hann breyta einhverju þegar hann lítur yfir farinn veg? „Nei, ég myndi engu breyta. Ég er fullkomlega sáttur. Ég hef aldrei lent í útistöðum við aðra eða neitt slíkt heldur hefur þetta verið mjög ljúft. Ég kunni ekki neitt þegar ég kom inn í tónlistarbransann en ég lærði mikið af frábærum mönnum eins og Björgvini Gíslasyni, Þóri Baldurssyni, Didda fiðlu, Tomma Tomm í Stuðmönnum og strákunum í Mezzoforte og svo auðvitað vini mínum sem ég sakna alla daga, Rúnari Júlíussyni. Þá á ég Þorgeiri Ástvaldssyni mikið að þakka en það var hann sem fékk mig út í að semja texta á sínum tíma og ég vann fyrstu plöturnar mínar með honum. Þetta eru allt menn sem hafa fylgt mér af þekkingu og skilningi," segir hann að lokum.




**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Útgefandi:** 365 miðlar

**Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433

# Nýjar vörur streyma inn í verslun Curvy!!

## Fallegur fatnaður í stærðum 14-28




VERTU VELKOMIN Í VERSLUN OKKAR AÐ FÁKAFENI 9 EÐA PANTAÐU Á WWW.CURVY.IS

Afgreiðslutímar í verslun Curvy.is að Fákafeni 9 eru
Alla virka daga frá kl. 11-18 og Laugardaga frá kl. 11-16

SENDUM FRÍTT HVERT Á LAND SEM ER!

Við erum á Snap chat > Curvy.is

Curvy.is - Fákafeni 9, 108 RVK | Sími 581-1552 | www.curvy.is

# Besta bragðið úr Breiðholti

Til er kjúklingasalat, svo gott að það gerir allt miklu betra og bjartara. Að minnsta kosti fyrir munn og maga sem hoppa og fyllast af græðgislegri kæti. Hér er svipt af því hulunni.

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@365.is





Matgæðingurinn Helen Jóanna Halldórsdóttir gleður bæði munn og maga, en hún stendur vaktina með stæl í Gamla kaffihúsinu í Fellahverfinu. MYND/ERNIR

Sagan af kjúklingasalatinu hófst, eins og svo oft áður, með því að ég vildi nýta góða afganga. Ég sat uppi með kjúklingakjöt sem ég ákvað að sulla einhverju saman við og það sló í gegn,“ segir Helen Jóanna Halldórsdóttir, sem margir hafa mikla matarást á og eldar allt og bakar í Gamla kaffihúsinu í Fellahverfi Efra-Breiðholts.

„Þetta salat á alltaf við og passar jafnt í útileguna, saumaklúbbinn, lautarferðina eða heima á eldhúsborði. Sósan er köld og fersk og gefur kjúklingi, jafnt og sjávarréttum, unaðslegt bragð. Með kjúklingi er salatið matarmikið og því gefur það góða saðningu,“ segir Helen sem er einkar leikin í að galdra fram lostætar krásir úr því sem til er í ísskápnum. „Kjúklingasalatið býður upp á endalausar útfærslur. Til dæmis að skipta út kjúklingi fyrir rækjur og léttsoðna hörpuskel og saxa með rauðlauk og ananas, sem er gómsætt. Þá geri ég stundum bara sósuna, sker út í hana sveppi og læt ofan á brauð með osti yfir í ofninn, eða bý til brauðrétt úr salatinu, með því að setja brauðmola eða hrísgrjón í botninn á eldföstu móti og ost yfir. Það svíkur engan.“

Helen er nýlega komin úr fríi til Marokkó þaðan sem hún tók með sér ýmis leynivopn sem hún er strax byrjuð að nota á Gamla kaffihúsinu. Í ofninum bakast ilmandi saffranbrauð og á hellunni sýður súpa með marokkósku karríi. Það passar vel við alþjóðlegt andrúmsloft heimsborgarahverfisins Efra-Breiðholts.

„Breiðhyltingum þótti kærkomið að fá loks gott og lokkandi kaffihús í hverfið sitt, en hingað kemur fólk hvaðanæva úr borginni og úr öllum landshornum. Maturinn er gómsætur, vel útilátinn og enginn fer héðan svangur frá borði,“ segir Helen og það vita þeir sem þekkja til. Lasanjað er til dæmis svo vinsælt að kaffihúsið sá sér ekki annað fært en að bjóða upp á lasanja Helenar í hádegi hvers virks dags, með súpu og heimabökuðu brauði. Þá er hægt að borða nautasteikur og hrossakjötssteikur á hlægilegu verði, svo fátt af lostæti hússins sé upptalið.

„Á sunnudögum svigna borðin í Gamla kaffihúsinu af gamaldags rjómatertum, marengstertum, brauðtertum og brauðréttum, og minnir einna helst á veisluborð í fermingarveislum hér áður fyrr. Allt eins og hver getur í sig látið og kaffi með á sléttan tvö þúsund kall og afsláttur fyrir börnin. Þeir sem koma einu sinni til að njóta lífs og dekurs hér í Efra-Breiðholti koma aftur og aftur. Fjölskyldur, jafnt sem saumaklúbbar, vinahópar og börn og unglingar í skólum hverfisins sem elska að fá sér hér kakó og kökur,“ segir Helen kát í hverfinu misskilda en góða.



Kjúklingasalat Helenar er sannkallað sælgæti sem passar við öll tækifæri; nestisferðina, útileguna og veisluna, en líka bara hvunndags heima í eldhúsi. MYND/ERNIR

## Kjúklingasalat Helenar fögru

- 350-400 g majónes
- 1 dós ananas í bitum
- 1 rauðlaukur, smátt saxaður
- 1 rauð paprika
- 1 dós maísbaunir
- Kjúklingur, rifinn
- Karrí

Majónesi, karríi og ananassafa hrært saman. Öðru hráefni hrært út í. Gott með ristuðu brauði og salati.

SKÓLAR OG NÁMSKEIÐ

Sérblaðið Skólar og námskeið kemur út 15. ágúst

Hægt er að kaupa augýsingar sem og kynningar í þessu blaði.

Áhugasamir auglýsendur hafið samband
við sérblaðadeild Fréttablaðsins

Sími 512 5402
serblod@365.is




MIKIÐ ÚRVAL FALLEGRA
LEGSTEINA Á MJÖG GÓÐU VERÐI
ÁLETRUN OG UPPSETNING ERU INNIFALIN Í VERÐUNUM
NR. 116-5
VERÐ KR. 209.000
NR. 2042
VERÐ KR. 178.900
NR. 2046
VERÐ KR. 251.900
NR. 2006 AURORA
VERÐ KR. 245.900
NR. 104 SHANXI BLACK
VERÐ KR. 325.900
NR. 113 PARADISO
VERÐ KR. 285.900
NR. 2021
VERÐ KR. 294.900
NR. GS 1002
VERÐ KR. 589.000
NR. 118 PARADISO
VERÐ KR. 305.900
NR. 129-3 SHANXI BLACK
VERÐ KR. 395.900
FYLGIHLUTIR FYLGJA EKKI MEÐ
AKSTURSGJALD BÆTIST VIÐ UTAN HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS
ÞARF AÐ ENDURNÝJA
LETRIÐ Á STEININUM?
GRANÍTHÖLLIN TEKUR AÐ SÉR AÐ HREINSA OG ENDURMÁLA LETUR Á LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM VIÐ AÐ OKKUR AÐ RÉTTA AF LEGSTEINA SEM ERU FARNIR AÐ HALLA.
FYRIR
EFTIR
BÆJARHRAUNI 26,
HAFNARFIRÐI
Graníthöllin
Legsteinar
SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS
Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.

# Smáauglýsingar

**512 5000**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

BILO.IS HÖFÐAHÖLLIN



**GERÐU OKKUR TILBOÐ**
HOBBY 560 UKF PREMIUM - ÓNOTAÐ, árgerð 2016, leður, kojur, TFT-skjár, 12 volt ofl. ofl. Verð 4.790.000 kr. Raðnr. 256556 á BILO.is Til sýnis inni!

**Höfðahöllin**
**Funahöfða 1, 110 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.bilo.is**




567 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN WWW.NYJA.IS
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK



TOYOTA Land cruiser 200 35". Árgerð 2008, ekinn 165 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. Verð 7.490.000. Óaðfinnalegur bíll Rnr.115927.



FORD Mondeo. Árgerð 2015, ekinn 43 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 6 gírar. Verð 2.990.000.Mjög fallegur og vel með farinn Rnr.340592.



SKODA Octavia 4x4. Árgerð 2016, ekinn 67 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. TILBOÐ 3.690.000.Ásett verð 4.250.000 Rnr.212428.

567 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN WWW.NYJA.IS
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK



BMW R1200gs. Árgerð 2013, ekinn 16 Þ.KM, bensín, 6 gírar. TILBOÐ 2.590.000.Ásett verð 2.980.000 2 eigendur frá upphafi Rnr.115727.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**

SUZUKI



SUZUMAR gúmmíbátar. Uppblásnir slöngubátar með álgólfi og mikla burðargetu. Til í stærðum frá 2,9m - 4,2m. Verð frá 255.000.- kr.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Fjórhjól




## Fellihýsi



Rockwood fellihýsi, 12 ft, árg 2010. Mjög lítið notað. Verð 1890 þúsund. Uppl í s. 6919988.

## Vinnuvélar



JLG Skæralyftur til leigu Rafmagns og Diesel Vinnuhæð upp í 18 metra Uppl í síma 8580400 Sigfús



JLG Spjótlyftur til leigu Árgerð 2017, Vinnuhæð upp í 22 metra Uppl.í s 8580400 Sigfús

## Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

## Þjónusta

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 699 6069 663 5315

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## » Ráðningarþjónusta

# Leitar þú að starfsmanni?

**HH Ráðgjöf** hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.




### » Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

- **Vinnusparnaður**
Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.

- **Markviss leit**
Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.

- **Þriggja mánaða ábyrgð**
Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.

- **Ekkert staðfestingargjald**
Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.

- **Fjöldi hæfra umsækjenda**
Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.

- **Fjölbreyttar þjónustuleiðir**
Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.

- **Reynsla og þekking**
Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.

- **Sanngjarnt verð**
Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

**HH Ráðgjöf** er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is

» HH Ráðgjöf • Fjarðargata 13 - 15 • 220 Hafnarfjörður • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

## Garðyrkja




Smávélaviðgerðir, Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmiði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

**GARÐAUMSJÓN**
Garðvinna, sláttur klippingar ofl. Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Litið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is




## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Zanna.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

# Keypt & Selt

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
jonogoskar.is s.552-4910

# Heilsa

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# Skólar & Námskeið

## Námskeið

Hverju vill biblían koma á framfæri við þig? Næsta námskeið hefst þri 22/8. Nánar í S. 867 1640

# Tómstundir & Ferðir

## Fyrir veiðimenn




# Húsnæði

## Húsnæði óskast

**110 REYKJAVÍK**

**ÁRBÆR / ÁRTÚNSHOLT**
Einstæður faðir með tvö börn í skóla í 110 óskar eftir 2-3ja herbergja íbúð í Hraunbæ eða Ártúnsholti á sanngjörnu verði. Reglusemi og skilvísar greiðslur.
**Nánari uppl. í síma 824 1485**

Vantar hús, raðhús eða annað húsnæði á höfuðborgarsvæðinu eða sirka 1.klst ökuradíus frá borginni. Mikil greiðslugeta fyrirfram og trygging. Tómas, Sími: 699-6762

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

## Hönnun

**HÖNNUN**

**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**
Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com

# Atvinna

## Atvinna í boði

**VÉLAVÖRÐUR OG HÁSETI.**
Vélavörð og háseta vantar á mb. Patrek BA 64 sem rær með beitingavél frá Patreksfirði. Áætlað að hefja veiðar þann 7. ágúst nk. Uppl. í símum 8958 3959 og 896 1462.










## Skemmtanir



## Tilkynningar

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

### Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

#### Nýlendugata 34

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 5. júlí 2017 og borgarráði Reykjavíkur þann 20. júlí 2017 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Nýlendureits vegna lóðarinnar nr. 34 við Nýlendugötu. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit og aukning á byggingarmagni vegna nýbyggingar á lóðinni, timburhús með allt að 6-7 íbúðum. Byggingin er tvær hæðir og ris þar sem rishæðin brotnar upp í þrjú staðstæð form. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

#### Gylfaflöt 2 og 4

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 5. júlí 2017 og borgarráði Reykjavíkur þann 20. júlí 2017 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Gylfaflatar 2-14 vegna lóðanna nr. 2 og 4 við Gylfaflöt. Í breytingunni felst að byggingarreitir eru stækkaðir um 2 metra inn að Gylfaflöt. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

#### Kvosin, Landsímareitur

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 5. júlí 2017 og borgarráði Reykjavíkur þann 20. júlí 2017 var samþykkt að auglýsa breytingu á deiliskipulagi Landsímareits. Í breytingunni felst m.a. að borgarlandi, milli lóðanna Vallarstrætis 4 og Aðalstrætis 7 er skipt upp og lóðir stækkaðar sem því nemur, leyfilegt verði að fjarlægja viðbyggingu frá 1967 við Thorvaldsenstræti 6 og byggja í sömu mynd, fallið frá kröfu um að opna samkvæmissal (Nasa) út í Vallarstræti, bætt við skilmálum um bílstæði, engar breytingar á stærðum og hæðum húsa og húshluta aðrar en að núverandi kjallara Vallarstrætis 4 er bætt við. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 **frá 4. ágúst 2017 til og með 15. september 2017**. Einnig má sjá tillögurnar á vefsíðunni, ***www.reykjavik.is***, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 15. september 2017. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti**.

Reykjavík 4. ágúst 2017
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is




## Atvinna

# SÖLUMAÐUR

**SÖLUMAÐUR ÓSKAST Í HÚSGAGNADEILD OKKAR Á SMÁRATORGI**

**Leitum að jákvæðum og þjónustulunduðum einstaklingi í húsgagnadeildina okkar. Skemmtilegt starf í lifandi umhverfi.**



**Spennandi starf þar sem miklir möguleikar eru á að vaxa í starfi.**
**Góð árangurstengd laun í boði fyrir réttan aðila.**

Áhugasamir hafið samband við
Smára 842-8065
smari.hauksson@rfl.is

Umsóknarfrestur er til 18. ágúst 2017

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is

## Tilkynningar

MOSFELLSBÆR 30 1987-2017

### Aðalskipulag Mosfellsbæjar 2011-2030
### Tillaga að breytingu – svæði austan gatnamóta Vesturlandsvegar og Skarhólabrautar

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar auglýsir hér með tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030 samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Í breytingunni felst að 0.64 ha. af 1.6 ha. á svæði 409-S austan gatnamóta Vesturlandsvegar og Skarhólabrautar er breytt úr stofnanasvæði í verslunar- og þjónustusvæði (418-VÞ).

Breytingartillagan verður til sýnis í þjónustuveri Mosfellsbæjar Þverholti 2, frá 4. ágúst 2017 til og með 18. september 2017 og hjá Skipulagsstofnun Borgartúni 7b í Reykjavík. Tillagan er einnig til sýnis á heimasíðu Mosfellsbæjar á slóðinni:
mosfellsbaer.is/skipulagsauglysingar.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna til 18. September 2017. Athugasemdir skulu vera skriflegar og skal senda þær til skipulagsnefndar Mosfellsbæjar, Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ, eða í tölvupósti til undirritaðs.

4. ágúst 2017
Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar
olafurm@mos.is

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA



SUMARLEIÐIN – FULLT AF **GAGNAMAGNI** FYRIR MINNA

# 11GB

**ENDALAUST** TAL OG SMS
FYRIR AÐEINS

# 2.590 KR.

Á mánuði

365 KEYRIR
Á **HRAÐASTA**
FARSÍMANETI
LANDSINS*

SKRÁÐU ÞIG Á **365.IS**

* SPEEDTEST

365

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Föstudagur

Í dag verður áfram hæg breytileg átt eða hafgola á landinu. Bjartir og skýjaðir kaflar á víxl en búast má við síðdegisskúrum víða. Hiti 8 til 17, hlýjast suðvestan til.




### Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 12° ↘2 | 8° ←2 | 12° ↓2 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 10° ↙2 | 11° ↖4 | 10° ↑1 |

### Sunnudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 11° ↘3 | 9° ↙4 | 10° ↓4 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 12° ↓4 | 13° ↖3 | 9° ↙1 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 2 | 4 | 1 | | | 8 | 6 |
| 5 | | | 3 | 7 | 8 | | 9 | |
| 4 | | | | 9 | | 7 | | |
| | 4 | | | | | | | 8 |
| | | 7 | 8 | | | 9 | | |
| | | 5 | | | | | 3 | |
| | 8 | 3 | 7 | | | | 1 | 2 |
| 1 | | 6 | 2 | 3 | 4 | | 7 | |
| 2 | | | 1 | | | | 6 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 3 | | 5 | 8 | 1 |
| 6 | | | 7 | | | | | |
| 8 | 4 | | 9 | | 2 | 3 | | |
| 4 | | | | | 6 | | 7 | 9 |
| | | | 2 | | | 4 | | 3 |
| 9 | 1 | | | 4 | | 2 | | |
| | | | | | | | | |
| | 8 | | 4 | 6 | | | 9 | |
| 2 | 6 | | | | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | 9 | 6 | | | | 5 |
| | 5 | | | | | | 6 | |
| 3 | | 4 | | | | | 8 | |
| 1 | 4 | | | | | | 5 | |
| | | | | | | | 9 | |
| | 8 | | 1 | | 4 | | | |
| | 2 | | | | | 9 | | 8 |
| | | | 7 | | | | 1 | 3 |
| | 3 | 1 | | 5 | | 2 | 7 | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. óskiptu
6. kringum
8. sægur
9. heldur brott
11. í röð
12. hreinskilið
14. miklu
16. tveir eins
17. þukl
18. sníkjudýr
20. vörumerki
21. fyrirhöfn

**LÓÐRÉTT**
1. bauti
3. rómversk tala
4. vindauga
5. sarg
7. raf
10. upphaf
13. dá
15. fiskur
16. kjafi
19. átt



## Skák Gunnar Björnsson

Levon Aronian (2809) vann skemmtilega leið til að verja biskupinn á a3 gegn Ian Nepomniachtchi (2742) í fyrstu umferð Sinquefield-mótins í fyrradag.

**Hvítur á leik**

**10. Hh4! Bd7** (10...Dxa3 11. Ha4 Db2 12. Hb1) **11. Db3 0-0 12. hxg6 hxg6 13. Dxb7.** Aronian vann skákina svo í 29 leikjum. Mótinu var framhaldið í gær með annarri umferð.

**www.skak.is:** Sinquefield-mótið



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 6 | 8 | 2 | 5 | 9 | 4 | 7 | 1 |
| 4 | 1 | 2 | 7 | 3 | 8 | 9 | 5 | 6 |
| 7 | 5 | 9 | 6 | 1 | 4 | 2 | 8 | 3 |
| 5 | 9 | 6 | 4 | 8 | 1 | 7 | 3 | 2 |
| 1 | 2 | 3 | 5 | 9 | 7 | 6 | 4 | 8 |
| 8 | 4 | 7 | 3 | 6 | 2 | 1 | 9 | 5 |
| 2 | 8 | 5 | 9 | 4 | 6 | 3 | 1 | 7 |
| 6 | 3 | 4 | 1 | 7 | 5 | 8 | 2 | 9 |
| 9 | 7 | 1 | 8 | 2 | 3 | 5 | 6 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | 7 | 4 | 6 | 2 | 5 | 9 | 8 |
| 2 | 8 | 6 | 5 | 9 | 7 | 4 | 1 | 3 |
| 4 | 5 | 9 | 3 | 8 | 1 | 6 | 7 | 2 |
| 5 | 7 | 8 | 6 | 4 | 9 | 3 | 2 | 1 |
| 6 | 4 | 1 | 2 | 7 | 3 | 9 | 8 | 5 |
| 9 | 2 | 3 | 8 | 1 | 5 | 7 | 4 | 6 |
| 7 | 6 | 2 | 9 | 3 | 8 | 1 | 5 | 4 |
| 1 | 3 | 5 | 7 | 2 | 4 | 8 | 6 | 9 |
| 8 | 9 | 4 | 1 | 5 | 6 | 2 | 3 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | 1 | 8 | 5 | 3 | 9 | 2 | 7 |
| 5 | 7 | 2 | 6 | 9 | 4 | 8 | 1 | 3 |
| 8 | 9 | 3 | 1 | 2 | 7 | 4 | 5 | 6 |
| 7 | 3 | 5 | 2 | 4 | 9 | 6 | 8 | 1 |
| 1 | 8 | 4 | 3 | 7 | 6 | 5 | 9 | 2 |
| 6 | 2 | 9 | 5 | 8 | 1 | 3 | 7 | 4 |
| 2 | 1 | 6 | 9 | 3 | 5 | 7 | 4 | 8 |
| 3 | 5 | 7 | 4 | 1 | 8 | 2 | 6 | 9 |
| 9 | 4 | 8 | 7 | 6 | 2 | 1 | 3 | 5 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**LÁRÉTT: 2.** öllu, **6.** um, **8.** mor, **9.** fer, **11.** fg, **12.** frómt, **14.** stóru, **16.** kk, **17.** káf, **18.** lús, **20.** ss, **21.** ómak.
**LÓÐRÉTT: 1.** buff, **3.** lm, **4.** loftrás, **5.** urg, **7.** merskúm, **10.** rót, **13.** mók, **15.** ufsi, **16.** kló, **19.** sa.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





# FRÉTTABLAÐIÐ er Helgarblaðið

## Alltaf á vaktinni

**Starf björgunarsveitanna** verður seint metið til fjár. Sveitirnar verða á vaktinni, nú sem endranær, þegar mesta ferðahelgi ársins skellur á.



## Virkjunarmálið snertir djúpar tilfinningar



**Elín Agla Briem**, þjóðmenningarbóndi í Norðurfirði á Ströndum, setur stórt spurningarmerki við fyrirhugaða virkjun Hvalár í Ófeigsfirði. Hún er meðal þeirra sem nýlega stofnuðu samtökin Rjúkandi sem vilja standa vörð um náttúru svæðisins.

## Jarðbundin og metnaðarfull



Vinir og fjölskylda **Ólafíu Þórunnar** lýsa henni sem barngóðri rólyndismanneskju. Henni tekst að lifa í núinu og lætur athyglina ekki fá á sig. Ólafía tekst nú á við eina sína stærstu áskorun á opna breska meistaramótinu í golfi.

**Fréttablaðið – ómissandi hluti af góðri helgi**

# FRÉTTABLAÐIÐ

# 89%

af lesendum dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 18–49 ára lesa Fréttablaðið daglega.




*Fréttablaðið og Morgunblaðið.

Heimild : Prentmiðlamæling Gallup apr.-jún. 2017.




Allt sem þú þarft ...




# CEDAR´S HUMMUS

Gegnsæi og heiðarleiki einkennir Cedar´s Hummus. Hráefnin eru vel valin og uppskriftirnar ósviknar. Úr verður gómsætur og bráðhollur hágæða hummus sem tryllir bragðlaukana. Góður t.d. í vefjuna, með salatinu, pastanu, súrdeigsbrauðinu, grænmetinu og snakkinu.

Avocado - Balsamic & laukur - Hvítlaukur - Tómat & basil - Sriracha

449 kr/stk

Gildir til 7. ágúst á meðan birgðir endast.

VIÐ ELSKUM AÐ GRILLA




**Hagkaup salöt**
Kartöflusalat með beikoni og Hrásalat.

BAKARÍIÐ

Nýjung
Nú einnig með kúmen



799 kr/stk

**Steinbakað súrdeigsbrauð**
Aldargömul frönsk uppskrift. Ekkert ger. Langtíma hefun.




**Tonic Water í Hagkaup**
Tonic fyrir kröfuharða.

VEGAN

299 kr/stk




**Beanfield snakk**
Hrikalega góðar bauna- og hrísflögur.

Nýtt í Hagkaup




549 kr/stk

**BBQ og Rótarbjóssósa**
Sósur sem bragð er af.

Maria and Ricardo's

Nýtt í Hagkaup



**Maria and Ricardo´s tortillur**
10 teg. af ferskum tortillum, 3 mismunandi stærðir.

## MEÐLÆTI OG EFTIRRÉTTIR - TILBÚIÐ Á GRILLIÐ

VIÐ ELSKUM AÐ GRILLA



24 Hagkaup
**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan, Spöng & Eiðistorg




# SMASH STYLE HAMBORGARAR

Gerir góðan borgara betri

349 kr/stk

TILBOÐ 15% afsláttur á kassa

2X100 G
509 kr/pk
verð áður 599

2X120 G
594 kr/pk
verð áður 699



SS V·S·O·P

TILBOÐ 30% afsláttur á kassa

STUTT LAMBALÆRI
1.679 kr/kg
verð áður 2.398



SS V·S·O·P

TILBOÐ 25% afsláttur á kassa

LAMBA-TVÍRIFJUR
2.624 kr/kg
verð áður 3.499



SS V·S·O·P

TILBOÐ 25% afsláttur á kassa

LAMBABÓGUR
2.099 kr/kg
verð áður 2.799

ÍSLANDS LAMB



TILBOÐ 25% afsláttur á kassa

KRYDDLEGNAR LÆRISSNEIÐAR
2.024 kr/kg
verð áður 2.699

Holta KJÚKLINGUR



TILBOÐ 15% afsláttur á kassa

ÚRBEINUÐ KJÚKLINGALÆRI
1.869 kr/kg
verð áður 2.199




# KJÚKLINGAVÆNGIR

Tilbúnir á grillið eða í ofninn

719 kr/kg
fullt verð 899

Fulleldaðir, þarf aðeins að hita,
2 tegundir af sósum

Kaldi
·ÁRSKÓGSSANDUR·

- Kaldi BBQ
- Kaldi rótarbjórs BBQ



Bókaútgefendurnir og hjónin Snæbjörn og Susanne eru búin að selja forlögin sín og ætla að prófa að gera eitthvað annað en að vera með hausinn ofan í bókum.

# Auðvitað verða bækur alltaf stór hluti af lífi okkar

**Í gær var tilkynnt um að Snæbjörn Arngrímsson og Susanne Torpe útgefendur væru búin að selja öll þrjú forlögin sín. Snæbjörn segir að þeim hafi fundist kominn tími til að horfa á heiminn frá öðru sjónarhorni.**

Ætli ég sé ekki búinn að vera í þessum bransa í bráðum þrjátíu ár þannig að ég fann að núna væri rétti tíminn til þess að breyta til og gera eitthvað nýtt. Taka höfuðið aðeins upp úr bókum þó svo að þær hætti auðvitað aldrei að vera ástríða.“ Þetta segir Snæbjörn Arngrímsson bókaútgefandi en í gær var tilkynnt um sölu á þremur forlögum í eigu hans og eiginkonunnar, Susanne Torpe, sem þau hafa rekið saman undanfarin ár úr höfuðstöðvum aðalforlagsins Hr. Ferdinand í Danmörku.

**Fræinu sáð**

Kaupandi að forlögunum er hin virta útgáfa JP/Politiken en Snæbjörn segir að hugmyndin að sölunni eigi sér mun lengri aðdraganda. „Þetta byrjaði allt í desember síðastliðnum þegar kom til okkar ágæt kona sem ég hélt að væri að leita að vinnu sem þýðandi en svo kom í ljós að hún var fulltrúi fyrir stórt ónefnt, útlent forlag sem vildi kaupa Hr. Ferdinand og komast þannig inn á danska markaðinn. Við vorum ekkert að hugsa um að selja á þessum tíma en létum tilleiðast að hugsa málið og ákváðum svo eftir stutta umhugsun að slá til. Hvers vegna ekki að prófa eitthvað nýtt?

Samningaviðræður stóðu alveg fram í maí og þá fengum við tilboð frá þeim sem við samþykktum en skömmu síðar ákvað stjórn fyrirtækisins hjá þeim að ekki væri tímabært að fara inn á danska markaðinn eins og hafði verið markmiðið með kaupunum. Þetta var skrítið ferli sem tók mikla orku frá okkur og það varð til þess að í hausnum var ég einhvern veginn kominn út úr bransanum þarna í apríl. Þegar upp úr slitnaði ákváðum við að hafa samband við JP/Politiken og buðum þeim að kaupa forlagið. Það söluferli gekk hratt fyrir sig og samningar voru undirritaðir núna í lok júlí.

**Metsölubækur og ástríða**

En hvernig skyldi þeim hjónum og útgefendum til margra ára líða með þessa breytingu? „Þetta er stórfínt. Ég er enn ekki alveg búinn að venja mig við tilhugsunina. En þetta er ákvörðun sem er algjörlega rétt og vel tímasett. Núna er kominn tími á að horfa á heiminn frá nýju sjónarhorni og vera ekki alltaf að kíkja á bækur. Það er fínt. Núna er ég frjáls maður og hef alla möguleika í heimi. Það er spurning hvað mann langar til að gera – og þá er að finna eitthvað sem maður hefur sannan áhuga á og ástríðu fyrir eins og maður hefur haft fyrir bókum. En auðvitað verða bækur alltaf stór hluti af lífi okkar. Fyrir nokkrum dögum var skrifað undir samninga en ég er enn að standa sjálfan mig að því að vera að lesa eitthvað um væntanlegar bækur og hugsa hvort þetta sé eitthvað sem maður ætti að kíkja á til útgáfu. Maður er alltaf með hausinn í bókabransanum.“

Snæbjörn var ungur þegar hann byrjaði að gefa út bækur, svo ungur að hann segist ekki muna lengur hvenær það var. En skyldi hann enn muna hver hafi verið fyrsta bókin sem hann gaf út? „Það var Dúfan eftir Patrik Süskind. Süskind varð frægur þegar hann skrifaði hina stórkostlegu bók Ilminn.“ En hver skyldi hafa verið fyrsti íslenski höfundurinn? „Já, þetta er góð spurning,“ segir Snæbjörn og hugsar svo brakar í kollinum. „Ég man að Bragi Ólafsson var einn af þeim fyrstu og Ásta Ólafsdóttir myndlistarkona og svo kom Jón Kalman snemma og Sigfús Bjartmarsson.“

Snæbjörn segir að það sé erfitt taka út einhver uppáhaldsverk eða höfunda á þessum langa tíma. „Það er rosalega gaman að gefa út metsölubók eins og Harry Potter. Mikið stuð og mikil gleði – mikið sving. En það er líka ótrúlega gaman að gefa út bækur sem manni finnst algjörlega geggjaðar þótt maður selji þær kannski ekki mikið eins og t.d. bækur Kazuo Ishiguro. Það er bara minn maður. Við gáfum út nokkrar af hans bókum sem seldust í mesta lagi í þúsund eintökum en þetta var bara mín gleði að selja þessar bækur, segja frá þeim og fá fólk til að lesa og svo kom það aftur með tárin í augunum yfir því hvað þetta væri æðislegt. Þetta var gaman.“



Snæbjörn árið 2004 í gömlu höfuðstöðvum Bjarts þar sem allt byrjaði fyrir um þrjátíu árum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**Jólasveinn og bankafulltrúi**

Snæbjörn segir að eitt af því sem einkenni bókabransann sé hvað fólkið sé kurteist og tekur hina frægu bókamessu í Frankfurt sem dæmi. „Þetta er gentleman bransi en ekki alvöru bissness. Þarna er fólk sem er bara mjög áhugasamt um bækur og sumir um bókmenntir. En fyrsta messan mín í Frankfurt er líka sú eftirminnilegasta vegna þess að ég hafði ekki hugmynd um hvað færi fram á svona samkomum. Ég fór einn og hélt að fólk væri bara í því að ganga á milli bása og safna bæklingum og gerði það samviskusamlega. Gekk þarna á milli með fullan poka af bæklingum og uppgötvaði það svo ekki fyrr en löngu seinna að ég misskildi allt. Bókamessur ganga út á sölu á útgáfuréttí, þetta gengur út á það að hitta umboðsmenn sem kynna fyrir manni bækur. Þetta gengur allt út á sölufundi. Ég var svo hrikalega vitlaus,“ segir Snæbjörn og skellihlær. „Ég var líka svo feiminn við þetta að ég man að þegar ég sá Íslendinga á göngunum þá flýtti ég mér að láta mig hverfa. En ég man líka að ég rakst á Pétur Má Ólafsson og hvað hann var hjálplegur og góðhjartaður. Hann aumkaði sig yfir mig og reyndi að kenna mér aðeins hvað maður gerir á messum. Ég var alger byrjandi, hálfgerður jólasveinn.“

**ÞEGAR ÉG FÉKK HANDRIT SEM MÉR LEIST EKKI Á SENDI ÉG BRÉF Á VIÐKOMANDI HÖFUND OG SKRIFAÐI UNDIR: FULLTRÚI HÖFNUNARDEILDAR BJARTS, ÁSTA S. GUÐBJARTSDÓTTIR. EN ÞETTA VORU ALLTAF ELSKULEG BRÉF.**

Snæbjörn segir að fyrstu árin hafi hann reyndar aldrei átt pening til þess að fara á bókamessur sem hafi orðið til þess að Einar Kárason hafi stundum sagt af honum skáldaða sögu. Saga Einars er svona: „Snæi hafði aldrei farið á bókamessur en svo loksins þegar hann fór á messu keypti hann eina bók: Harry Potter og fór svo heim.“ Sagan er einföld og góð en Potter var nú reyndar ekki keyptur á bókamessu.

Útgáfan í Danmörku hefur einbeitt sér að þýddum bókmenntum en hér heima var Snæbjörn alltaf með innlenda höfunda á sínum snærum og hann segir að það sé auðvitað mikill munur á. „Að vera útgefandi innlendra höfunda þýðir það að í sumum tilvikum er maður líka bankafulltrúi og hjónabandsráðgjafi og allt það. Þannig að það er miklu meira starf: Sumir komu alltaf í heimsókn á forlagið þegar maður var á leiðinni út úr dyrunum klukkan hálf sjö og þá komst maður ekki heim í mat fyrr en hálf níu. En svo eru auðvitað aðrir höfundar sem líta á þetta sem hvern annan bissness.“

Snæbjörn segir að það hafi ekki aðeins verið þetta sem gerði það að verkum að mikil viðbrigði fylgdu því að hefja útgáfustarfsemi í Danmörku. „Hér er allt svo ótrúlega skipulagt. Maður er að selja bækur til bóksala í maí sem koma svo út fyrir jólin. Þetta gerir maður ekki á Íslandi. Og svo koma bækur úr prentun í ágúst sem eiga að koma út í nóvember. Þannig að þetta er allt skipulagðara en fyrir vikið miklu minni dans í þessu hér. Á Íslandi getur maður gert alls konar vitleysu og komist upp með það.

**Verðlaun og Ásta S.**

Ég man til að mynda þegar Edda veitti Laxness verðlaunin í gamla daga og afhenti það einhverjum af eigin höfundum sem við vissum að hafði ekki sent inn handrit í samkeppnina heldur var þetta bara eitt af þeim handritum sem lágu fyrir til útgáfu hjá Eddu. Við ákváðum að stríða þeim aðeins á þessu og ákváðum að veita einum af okkar höfundum bókmenntaverðlaun. Fyrir valinu varð rithöfundurinn Hermann Stefánsson og hann fékk okkar eigin bókmenntaverðlaun sem við kölluðum Bókmenntaverðlaun Guðbjarts Jónssonar. Við sendum fréttatilkynningar í blöðin og birtum auglýsingu með: Til hamingju Hermann, í fyrirsögn og rosamikið húllúmhæ. Bjuggum til verðlaunalímmiða og skelltum á bókina. Allir tóku þetta alvarlega, birtu fréttatilkynninguna og ég veit ekki hvað og Hermann var allt í einu orðinn verðlaunahöfundur.“

Snæbjörn hlær við tilhugsunina og bætir við að þetta væri aldrei hægt að komast upp með í Danmörku. „Það hefði allt farið til fjandans.“

„Í upphafi var ég alltaf einn á forlaginu og fannst svona hálf hallærislegt að vera ekki með starfsmann svo ég ákvað að búa til aðstoðarkonu. Hana kallaði ég Ástu S. Guðbjartsdóttur, alnöfnu Ástu Sóllilju úr Sjálfstæðu fólki Laxness. Þegar ég fékk handrit sem mér leist ekki á sendi ég bréf á viðkomandi höfund og skrifaði undir: Fulltrúi höfnunardeildar Bjarts, Ásta S. Guðbjartsdóttir. En þetta voru alltaf elskuleg bréf. Eins sá Ásta S. líka um að rukka bóksala og áskrifendur þegar á þurfti að halda enda skrifaði hún falleg og vinsamleg bréf með ógrynni af bókmenntatilvísunum. Innheimtubréfin undirritaði hún sem fulltrúi lögfræðideildar. Ef ég þýddi sjálfur bók eða gerði kápu þá var Ásta S. líka skrifuð fyrir því.

Ég man reyndar að stundum þegar ég kom til bóksala og fór á bak við þá kom fyrir að innheimtubréfin voru þar hengd upp á vegg því þetta voru innilegustu innheimtubréf sem bóksalarnir höfðu fengið. Ásta var yndisleg,“ segir Snæbjörn og hlær við tilhugsunina um þetta ágæta alterego ungs útgefanda sem hann segir að hafi reynst honum vel. „Ásta var algjörlega leynileg, enginn vissi að hún var ekki af holdi og blóði, en svo byrjaði þetta að spyrjast út að hún væri tilbúningur, en ég neitaði því alltaf. Einn daginn hringdi í mig blaðamaður og sagðist vita að hún væri uppspuni því hann væri búinn að rannsaka málið, gá í þjóðskrá og fleira, en ef ég vildi gefa viðtal undir hennar nafni þá mundi hann halda þessu leyndu. Og Ásta S. fór í viðtal, sagði frá ferli sínum og það var bara ljómandi fínt – satt best að segja mikið uppáhaldsviðtal hjá mér lengi vel. Enda hefur Ásta S. reynst mér vel. En Jón Karl átti líka aðeins í henni því þegar við þýddum saman þá tók hún að sér að skrifa sig fyrir þýðingunni enda fádæma dugleg. Þetta er hægt á Íslandi en gengur ekki í Danmörku að vera með svona fíflagang.“


# GLÆPUR OG LESNING

## Glænýjar og spennandi kiljur sem eru fullkomnar í fríið







„Bók sem á eftir að halda vöku fyrir þér ... Treystu Lemaitre: Hann kann sitt fag.“
SYDNEY MORNING HERALD

★★★★★

„Flókin og lifandi, létt og leikandi. Notaleg skáldsaga með boðskap. Sérkennilega hæglátur bókmenntalegur hvirfilbylur.“
BERLINGSKE TIDENDE

www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39

LAUGARÁSBÍÓ
midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar



SÝND KL. 4, 6, 8, 10



SÝND KL. 4, 7, 10



FORSÝNING KL. 10



SÝND KL. 8



ÍSL. 2D KL. 4, 6

SAMBÍÓIN SAMbio.is
KAUPTU BÍÓMIÐANN Í SAMBÍÓ APPINU
















**ÁLFABAKKA**

| | |
|---|---|
| DUNKIRK | KL. 5:40 - 8 - 9 - 10:20 |
| DUNKIRK VIP | KL. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 |
| FUN MOM DINNER | KL. 7 - 8 - 10:20 |
| THE BLEEDER | KL. 8 |
| STORKURINN RIKKI ÍSL TAL | KL. 2 - 3 - 4 - 6 |
| AULINN ÉG 3 ÍSL TAL 2D | KL. 2 - 4 - 6 |
| AULINN ÉG 3 ÍSL TAL 3D | KL. 3 - 5 |
| ALL EYEZ ON ME | KL. 10 |
| THE HOUSE | KL. 8 |
| BÍLAR 3 ÍSL TAL 2D | KL. 3:20 - 5:40 |
| WONDER WOMAN 2D | KL. 10 |

**EGILSHÖLL**

| | |
|---|---|
| DUNKIRK | KL. 5:40 - 8 - 9 - 10:20 |
| THE BLEEDER | KL. 5:50 - 8 - 10:20 |
| STORKURINN RIKKI ÍSL TAL | KL. 5:50 |
| THE HOUSE | KL. 8 |
| WONDER WOMAN 2D | KL. 6 |
| BAYWATCH | KL. 10 |

**KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI

| | |
|---|---|
| DUNKIRK | KL. 6 - 8:20 - 10:40 |
| FUN MOM DINNER | KL. 6 - 8 - 10 |
| STORKURINN RIKKI ÍSL TAL | KL. 6 |
| BAYWATCH | KL. 10:40 |
| PIRATES 2D | KL. 8 |

**KEFLAVÍK**

| | |
|---|---|
| DUNKIRK | KL. 8 |
| FUN MOM DINNER | KL. 8 |
| THE BLEEDER | KL. 10:20 |
| STORKURINN RIKKI ÍSL TAL | KL. 6 |
| VALERIAN 3D | KL. 10:20 |
| AULINN ÉG 3 ÍSL TAL 2D | KL. 6 |

**AKUREYRI**

| | |
|---|---|
| DUNKIRK | KL. 8 - 10:20 |
| FUN MOM DINNER | KL. 8 |
| THE BLEEDER | KL. 10:20 |
| STORKURINN RIKKI ÍSL TAL | KL. 6 |
| BÍLAR 3 ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 |


# Hvað? Hvenær? Hvar? Föstudagur

hvar@frettabladid.is

## 4. ÁGÚST 2017

### Tónlist

**Hvað?** Fiðla / Violin
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Einleikstónleikar með fiðluleikaranum Daniel Pioro í Mengi í kvöld. Á efnisskrá er tónlist eftir Heinrich Ignaz Franz von Biber, Johann Sebastian Bach, Valgeir Sigurðsson, Oliver Coates og Edmund Finnis auk þjóðlaga úr ýmsum áttum. Tónleikarnir hefjast klukkan 21. Húsið verður opnað klukkan 20.30. Miða á 2.000 krónur er hægt að kaupa við innganginn eða panta í gegnum booking@mengi.net

**Hvað?** Ástarljóð og drykkjuvísur
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Harpa
Bjarni Thor Kristinsson bassi og Lilja Guðmundsdóttir sópran flytja íslensk sönglög. Eva Þyri Hilmarsdóttir leikur á flygilinn.

**Hvað?** Útihátíð í bænum
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Spot, Kópavogi
Greifarnir og Siggi Hlö halda árlega Útihátíð sína á Spot í Kópavogi um verslunarmannahelgina og er þetta í 8. sinn sem sú hátíð fer fram. Dansleikir laugardags- og föstudagskvöld sem henta vel þeim sem komast ekki úr bænum um helgina. Greifarnir með alla sína slagara í bland við aðra klassík og svo spilar Siggi Hlö öll hin lögin sem allir elska.

**Hvað?** Killer Queen
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Græni hatturinn, Akureyri
Hljómsveitin Killer Queen hefur komið fram á fjölmörgum tónleikum um landið og hefur það að markmiði að heiðra hina goðsagnakenndu bresku hljómsveit Queen. Hljómsveitin leitast við að ná fram og mynda hina sönnu live rokk tónleikastemningu sem einkenndi Queen. Meðlimir Killer Queen eru engir nýliðar í spilamennsku en valinn maður er í hverju rúmi. Magni Ásgeirs leiðir hópinn af miklum þokka og sýnir á sér sínar sterkustu rokkhliðar, Hvanndalsbræðurnir Valmar, Arnar Val og Sumarliða þekkja auðvitað allir og halda þeir uppi þéttum ryþmanum svo skjálfa tekur sviðið. Síðast en ekki síst er hrein unun að fylgjast með Dúndurfréttamanninum Einari Þór er hann tekst á við gítarafrek Brian's May svo úr verður ótrúlegt sjónarspil manns og gítars.




Greifarnir verða, svona eins og síðustu ár, með útihátíð á Spot fyrir þá sem komast ekkert úr bænum um helgina.



Magni og félagar í Killer Queen taka nokkrar Queen ábreiður á Akureyri í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Hvað?** Föstudagslögin
**Hvenær?** 22.30
**Hvar?** Rosenberg, Klapparstíg
Stebbi og Andri mæta aftur á Rosenberg í kvöld og flytja bestu lög í heimi eins og þeim einum er lagið. Acoustic útsetningar af þungarokki, ballöðum og hinum ýmsu popplögum og gómsætar skemmtisögur á milli.

**Hvað?** Adam Buffington og Zach Rowden
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Kjarvalsstaðir
Adam Buffington er tónskáld og saxófónleikari sem kannar í verkum sínum upplifun af hægum hreyfingum jökla með samsetningu rólegra og viðkvæmra hljóða við langar þagnir. Zach Rowden kannar í verkum sínum hljóðheim og möguleika klassíska og rafmagnsbassans.

### Viðburðir

**Hvað?** Hæglætishátíð í Havarí
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Havarí, Berufirði
Það verður blússandi stuð í Berufirði um verslunarmannahelgina. Alls kyns gúmmilaði er á dagskránni en í kvöld er það störukeppni og þagnarbindindi, Píanóbar með Benna Hemm Hemm og Prins Póló og svo verður spiluð létt dægurtónlist af hljómplötum, hvorki meira né minna.

**Hvað?** Föstudagspartísýning – Mean Girls
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Bíó Paradís, Hverfisgötu
Hver man ekki eftir Lindsay Lohan í hinni geysivinsælu kvikmynd Mean Girls sem kom út árið 2004. Ef þú ert í bænum um verslunarmannahelgina er þetta frábær upphitun fyrir helgina. Sýnd aðeins eitt kvöld, föstudagkvöldið 4. ágúst kl. 20.00 á föstudagspartísýningu í Bíói Paradís.

### Sýningar

**Hvað?** Louisa Matthíasdóttir: Kyrrð
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Kjarvalsstaðir
Viðamikil yfirlitssýning á verkum listakonunnar Louisu Matthíasdóttur (1917-2000) þar sem kærkomið tækifæri gefst til að fá yfirsýn yfir feril listakonu sem á einstakan hátt hefur túlkað íslenskt landslag. Á sýningunni má vel sjá þá breidd sem býr í verkum hennar. Nærumhverfi hennar varð í langflestum tilfellum efniviður verkanna, hvort sem um var að ræða landslag, uppstillingar eða myndir af henni sjálfri.

**Hvað?** Ragnar Kjartansson: Guð, hvað mér líður illa
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Hafnarhúsið
Ragnar Kjartansson heldur fyrstu safnsýningu sína á heimavelli eftir sigurför á erlendri grundu á undanförnum árum. Þar á meðal eru meiriháttar yfirlitssýningar í virtum söfnum báðum megin við Atlantshafið.

**Hvað?** Ásmundur Sveinsson: List fyrir fólkið
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Ásmundarsafn, Sigtúni
Yfirlitssýning á verkum Ásmundar Sveinssonar myndhöggvara. Á sýningunni er sjónum beint að öllum ferli listamannsins allt frá tréskurðarnámi hjá Ríkharði Jónssyni og til síðustu ára listamannsins. Sýnd eru verk unnin í ýmis efni þar á meðal verk höggvin úr tré, steinsteypu og brons. Á sýningunni eru jafnframt frummyndir þekktra verka sem stækkuð hafa verið og sett upp víða um land. Hönnuður sýningarinnar er Finnur Arnar Arnarson og er framsetning verkanna með þeim hætti að í einstakri umgjörð Ásmundarsafns fá þau nýtt og kröftugt samhengi.

**Hvað?** Kjarval – lykilverk
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Kjarvalsstaðir
Á sýningunni gefst gott tækifæri til að kynnast mörgum lykilverkum frá ferli listamannsins og fá innsýn í þau meginstef sem voru uppistaðan í lífsverki hans. Annars vegar landið í öllum sínum fjölbreytileika og hins vegar það líf og þær táknmyndir sem Kjarval skynjaði í landinu, það sem hugurinn nemur ekki síður en það sem augað sér.





BIO ★ PARADIS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| Sing Street | 18:00, 20:00 |
| The Other Side Of Hope | 18:00 |
| Hjartasteinn | 17:30 |
| Mean Girls | 20:00 |
| Ég Man Þig | 20:00 |
| Frantz | 22:00 |
| Hrútar | 22:15 |




ŠKODA
FD R21
JL N19
NÝ OG SNJALLARI
OCTAVIA KOMIN
Í UMFERÐ
FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU
5
NÝ ŠKODA OCTAVIA. EINN VINSÆLASTI FJÖLSKYLDUBÍLLINN.
Octavia hefur sannarlega slegið í gegn hjá þjóðinni sem sést best á því að hann hefur verið einn vinsælasti fjölskyldubíllinn á Íslandi í mörg ár. Nú kynnum við nýja Octaviu með skarpari línur og snjallari aukabúnað en áður. Sem dæmi færðu 8" snertiskjá og LED dagljós sem staðalbúnað. Verðið á líka sinn þátt í vinsældunum. Komdu og prófaðu einn skemmtilegasta bílinn í umferð.
ŠKODA OCTAVIA frá:
3.350.000 kr.
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ
www.skoda.is

# DAGSKRÁ

# Föstudagur




Mynd byggð á sannri sögu um tvær frænkur Jackie Kennedy sem báðar þóttu heldur sér á báti í fjölskyldunni. Myndin hlaut bæði Golden Globe og Emmy verðlaun og skartar hinum stórgóðu leikkonum Drew Barrymore og Jessicu Lange í aðalhlutverkum.

**FRÁBÆRT**
FÖSTUDAGSKVÖLD

Fáðu þér áskrift á **365.is**

365

**IMPRACTICAL JOKERS**




Sprenghlægilegir bandarískir þættir þar sem fjórir vinir skiptast á að vera þátttakendur í hrekk í falinni myndavél.




**KIDNAPPING MR. HEINEKEN**

Þann 9. nóvember árið 1983 var Alfred Heineken, eigandi bjórveldisins, rænt við höfuðstöðvar fyrirtækisins í Amsterdam. Hörkuspennandi mynd, byggð á sannri sögu, með hinum eina sanna Anthony Hopkins í aðalhlutverki.

**THE GIFT**



Hjónin Simon og Robyn flytja inn í nýtt hús í nýju hverfi og ekki líður á löngu þar til óhugnanlegir atburðir fara að gerast.

**EASTBOUND AND DOWN**



Önnur serían um föllnu hafnaboltastjörnuna Kenny Powers sem var hent út úr meistaradeildinni og hrökklaðist aftur á æskuslóðir sínar í Norður-Karólínu.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.
365.is

## STÖÐ 2

**07.00 Simpson-fjölskyldan**
**07.25 Litlu Tommi og Jenni**
**07.45 Kalli kanína og félagar**
**08.05 The Middle**
**08.30 Pretty Little Liars**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors**
**10.20 The New Girl**
**10.45 Heimsókn**
**11.20 Í eldhúsi Evu**
**12.05 Falleg íslensk heimili** Nýr íslenskur þáttur þar sem sérfræðingarnir Gulla Jónsdóttir, arkitekt og hönnuður, Helgi Ómarsson, ljósmyndari og stílisti og Þóra Margrét Baldvinsdóttir hönnunarráðgjafi fá það skemmtilega verkefni að skoða falleg íslensk heimili. Markmiðið er að ná fram því sem fallegt er og gleður augað. Sitt sýnist hverjum en svo mikið er víst að það er alltaf fróðlegt að fá umfjöllun um mismunandi arkitektúr, hverfi og hugmyndir manna um híbýli.
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Satt eða logið?**
**13.40 Learning To Drive**
**15.15 Sumarlandið**
**16.35 Top 20 Funniest**
**17.20 Simpson-fjölskyldan**
**17.40 Bold and the Beautiful**
**18.05 Nágrannar**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Íþróttir**
**19.05 Ísland í sumar** Fjölbreyttur frétta- og mannlífsþáttur í léttum dúr.
**19.25 Impractical Jokers**
**19.50 Grey Gardens**
**21.30 Kidnapping Mr. Heineken** Spennumynd frá 2015 með stórfínum leikurum. Forsagan að skipulagningu, framkvæmd, eftirmála og að lokum endalokum mannræningja bjórmógúlsins Alfred Freddy Heineken, en greitt var hæsta lausnargjald sem nokkurn tímann hefur verið greitt fyrir einstakling í þessu máli. Þann 9. nóvember árið 1983 var Alfred Heineken, eiganda bjórveldisins, rænt fyrir framan höfuðstöðvar fyrirtækisins í Amsterdam. Ránið var framkvæmt af fjórum mönnum sem höfðu ásamt fimmta manninum skipulagt það í tvö ár.
**23.05 Phil Spector**
**00.35 Everest** Stórmyndin Everest er byggð á sannsögulegum atburði, þegar átta fjallgöngumenn fórust í aftakaveðri á hæsta fjalli jarðar þann 11. maí árið 1996 en það er alvarlegasta slys sem hefur orðið á fjallinu. Leikstjóri er Baltasar Kormákur og helstu leikarar eru stórstjörnur eins og Jake Gyllenhaal, Josh Brolin, Jason Clarke, Keira Knightley, Robin Wright og Sam Worthington
**02.35 Salt**
**04.10 Rush Hour**
**04.50 Learning To Drive**
**06.20 The Middle**

## STÖÐ 2 SPORT

**08.10 ÍBV - Stjarnan**
**09.55 Valur - ÍA**
**11.40 Pepsímörkin**
**13.10 Premier League World**
**13.40 Super Match. Upphitun**
**13.50 Super Match. Man. City - West Ham**
**16.10 Formúla 1 - Keppni**
**18.40 Sunderland - Derby**
**20.45 Community Shield - Preview Show**
**21.15 1 á 1**
**21.45 Super Match. Man. City - West Ham**
**23.25 Sunderland - Derby**
**01.05 Community Shield - Preview Show**

## STÖÐ 3

**17.15 Raising Hope**
**17.40 New Girl**
**18.05 The Detour**
**18.30 Modern Family**
**18.55 Curb Your Enthusiasm**
**19.30 Lip Sync Battle**
**19.55 Gilmore Girls**
**20.40 It's Always Sunny in Philadelphia**
**21.05 Eastbound and Down**
**21.35 Entourage**
**22.00 Six Feet Under**
**22.55 The New Adventures of Old Christine**
**23.20 Fresh Off The Boat**
**23.45 Curb Your Enthusiasm**
**00.20 Lip Sync Battle**
**00.45 Gilmore Girls**
**01.30 It's Always Sunny in Philadelphia**
**01.55 Eastbound and Down**
**02.25 Tónlist**

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00 Dóra könnuður**
**07.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**07.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**08.00 Áfram Diego, áfram!**
**08.24 Svampur Sveinsson**
**08.49 Lalli**
**08.55 Rasmus Klumpur**
**09.00 Lína langsokkur**
**09.25 Hvellur keppnisbíll**
**09.37 Ævintýraferðin**
**09.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**10.00 Víkingurinn Viggó**
**10.11 Zigby**
**10.25 Stóri og Litli g**
**10.38 Ljóti andarunginn og ég**
**11.00 Dóra könnuður**
**11.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**11.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**12.00 Áfram Diego, áfram!**
**12.24 Svampur Sveinsson**
**12.49 Lalli**
**12.55 Rasmus Klumpur**
**13.00 Lína langsokkur**
**13.25 Hvellur keppnisbíll**
**13.37 Ævintýraferðin**
**13.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**14.00 Víkingurinn Viggó**
**14.11 Zigby**
**14.25 Stóri og Litli**
**14.38 Ljóti andarunginn og ég**
**15.00 Dóra könnuður**
**15.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**15.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**16.00 Áfram Diego, áfram!**
**16.24 Svampur Sveinsson**
**16.49 Lalli**
**16.55 Rasmus Klumpur**
**17.00 Lína langsokkur**
**17.25 Hvellur keppnisbíll**
**17.37 Ævintýraferðin**
**17.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**18.00 Víkingurinn Viggó**
**18.11 Zigby**
**18.25 Stóri og Litli**
**18.38 Brunabílarnir**
**19.00 Curious George 2: Follow That Monkey**



**Svampur Sveinsson kl. 08.24, 12.24 og 16.24**

## GOLFSTÖÐIN

**17.05 Inside the PGA Tour**
**17.30 WGC. Bridgestone Invitational**
**06.00 WGC. Bridgestone Invitational**

## BÍÓSTÖÐIN

**11.00 The Walk**
**13.00 Absolutely Anything**
**14.25 Notting Hill**
**16.30 The Walk**
**18.30 Absolutely Anything**
**19.55 Notting Hill** Rómantísk gamanmynd. William Thacker er bóksali í Notting Hill í Lundúnum en Anna Scott er bandarísk kvikmyndastjarna. Þau virðast eiga fátt sameiginlegt en þegar þau hittast fyrir tilviljun taka hlutirnir óvænta stefnu. Ástin er vissulega óútreiknanleg en getur þetta samband virkilega gengið?
**22.00 The Gift** Spennutryllir frá 2015 með Jason Bateman, Joel Edgerton og Rebeccu Hall. Myndin fjallar um hjónin Simon og Robyn sem í upphafi myndarinnar flytja inn í nýtt hús í nýju hverfi. Ekki líður á löngu uns Simon rekst á fyrrverandi skólafélaga sinn í nágrenninu, Gordo, sem í kjölfarið byrjar að heimsækja hjónin ótt og títt og færa þeim dýrar gjafir í tíma og ótíma. En Gordo býr yfir stórhættulegu leyndarmáli og þegar Simon fær nóg af honum og biður hann að hætta að heimsækja þau hjón og færa þeim þessar gjafir kallar hann yfir sig skelfilega martröð sem getur ekki endað öðruvísi en illa.
**23.50 Sinister**
**01.25 Don Jon** Jon Martello er ungur og flottur; hann hugsar vel um heilsuna, á fallegt heimili, ekur um á draumabílnum, er traustur vinur, heimsækir fjölskylduna reglulega og reynir að halda í heiðri þá kaþólsku siðið sem hann var alinn upp við. Við fyrstu sýn er þetta hinn fullkomni piparsveinn en undir yfirborðinu er hann að glíma við óþægilegt vandamál, klámfíkn.
**02.55 The Gift**

## RÚV

**17.15 Fagur fiskur**
**17.45 Táknmálsfréttir**
**17.55 HM í frjálsum íþróttum**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.40 Kærleikskveðja, Nína**
**20.10 Séra Brown**
**21.00 Cheerful Weather for the Wedding**
**22.30 Skyttan**
**00.00 Jimmy´s Hall**
**01.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**08.00 Everybody Loves Raymond**
**08.25 Dr. Phil**
**09.05 Life Unexpected**
**09.50 Crazy Ex-Girlfriend**
**10.35 Síminn + Spotify**
**13.35 Dr. Phil**
**14.15 Making History**
**14.40 Pitch**
**15.25 Friends With Better Lives**
**15.50 Glee**
**16.35 King of Queens**
**17.00 Jennifer Falls**
**17.25 How I Met Your Mother**
**17.50 Dr. Phil**
**18.30 The Tonight Show**
**19.10 The Wrong Mans**
**19.40 The Biggest Loser**
**20.25 The Bachelorette**
**21.55 The Bachelorette**
**22.40 Under the Dome**
**23.25 The Tonight Show**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


Opið alla verslunarmannahelgina
Iceland
PEPSI & PEPSI MAX 1L
129
KR/STK
129 KR/L
MCVITE'S DIGESTIVE
DARK AND MILK 300G
169
KR/STK
563 KR/KG
DUREX 10 PACK + GLEÐIHRINGUR 3 TEG.
599
KR/PK
EPLA TOPPUR 500 ML
99
KR/STK
198 KR/L
AUNT MABEL MUFFINS 3 TEG.
129
KR/STK
1265 KR/KG
LAY'S FLÖGUR 175 G 6 TEG
169
KR/STK
966 KR/KG
INNOCENT SMOOTHIE 360 ML
269
KR/STK
747 KR/L
HÁMARK SÚKKULAÐI 3 PACK
429
KR/PK
143 KR/STK
KIT KAT 4X41.5 G
199
KR/PK
1199 KR/KG
GOTT & BLANDAT HLAUP 4 TEG.
149
KR/STK
931/1149 KR/KG
ARIZONA DRYKKIR 500 ML 7 TEG
199
KR/STK
398 KR/L
MILT FYRIR ALLA ÞVOTTA 2.56 G
899
KR/PK
351 KR/KG
OPIÐ 24 TÍMA
OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN ICELAND,
ENGIHJALLA, VESTURBERGI, ARNARBAKKA OG GLÆSIBÆ

# Ágústspá Siggu Kling



**Spáin gildir fyrir ágúst**

**Lengri útgáfa af stjörnuspá á visir.is/SiggaKling**

**Spáin birtist fyrsta föstudag hvers mánaðar.**



♈ Hrúturinn
21. mars–19. apríl

## Hrúturinn

Elsku Hrúturinn minn, þú veist stundum ekki alveg hvað þú átt af þér að gera þegar sumarið er, – frí þarna, frí hérna – og svo finnst þér alltaf að þú hafir ekkert gert í fríinu. Sýndu þessu bara svolítið kæruleysi og leyfðu þér bara að sofa þegar þig langar, endurnýjaðu frumurnar. Þú átt þér að sjálfsögðu óteljandi aðdáendur sem dásama þig því þú ert svo mikil ráðgáta og átt líka svo gott með að vera með öllum aldurshópum, aðlaga þig að aðstæðum og alls konar fólki, og þegar þú skoðar vel eru vinir þínir mjög ólíkir. Þetta tímabil sem þú ert inni í núna er undirbúningur fyrir dásamlegan vetur. Þú finnur miklu meira þakklæti gagnvart hinu litla sem gerist hjá þér og nýtur þín eins og blóm í eggi og þó að þú sért ekki að búast við eða leita að virðingu, færðu hana samt. Þú þarfnast alls ekki stöðugrar hvatningar og þolir ekki innihaldslaust smjaður. Setningin þín: Tilvera okkar er undarlegt ferðalag.



♉ Nautið
20. apríl–20. maí

## Nautið

Elsku Nautið mitt, þú hefur svo stórt hjarta og það rúmast svo margir í því, en það kemur fyrir að þér finnst að hjartað þitt sé að springa vegna þess að þér finnst þú þurfir að gæta og passa þá sem búa þar. Þegar þér tekst ekki að vera Guð almáttugur þá ferðu að efast um þitt eigið gildi og missir kraftinn þinn til að framkvæma þá góðu hluti sem þú ert svo sannarlega fær um. Þér á eftir að detta í hug að þú viljir breyta öllu, flytja jafnvel til útlanda og búa á heitum stöðum, en undirstaða þín er fólkið þitt svo þú munt ekki þola það lengur en í þrjár vikur! Það eru svo margir sem eru skotnir í þér, bæði fyrir að vera manneskja og kynvera en þú átt erfitt með að trúa því hversu ótrúlega sexý þú ert. En þú þolir alls ekki höfnun og hleypur frekar heim til þín og læsir en að taka áhættu í ástalífinu. Næstu mánuðir gefa þér besta tíma ársins, þó að sjálfsögðu munu einhverjir verða þér erfiðir. Setningin þín er: I'm on the top of the world.



♊ Tvíburinn
21. maí–20. júní

## Tvíburinn

Elsku hjartans Tvíburinn minn, þú lifir sko lífinu til fulls og fylgir þinni lífsspeki helst fram í rauðan dauðann og ég bara dáist að krafti þínum og öllu því sem þú hefur til að bera. Þú hefur líka svo einstakt ímyndunarafl sem getur gert þig alveg vitlausan, þess vegna er svo mikilvægt að þú notir þetta afl til að skapa og skreyta líf þitt í öllum litum. Það er algengt að þú hafir góða rödd, getir sungið eða sért svo skemmtileg ræðumanneskja að annað fólk verður furðu lostið, en ef þú reynir að festa þig niður í ramma og vera eitthvað svo afskaplega skynsamur þá verðurðu alveg drepleiðinlegur og það hefur verstu áhrifin á þig. Þú stendur alltaf upp úr hópnum því þú hefur svo mikinn karakter að bera og hefur svo skemmtilega hæfileika til að daðra og getur daðrað þig fremst í röðina, hvar svo sem sú röð er nú.
Ég segi það enn og aftur: þú ert sumarið.
Setningin þín er: Ég fer í fríið.



♋ Krabbinn
21. júní–22. júlí

## Krabbinn

Elsku Krabbinn minn, þú ert yndislegur og eftirtektarverður persónuleiki og þó þú veljir þér „venjulegt“ starf þá býrðu einhvern veginn til meira úr þessu venjulega starfi og gerir það eftirtektarvert. Þú gerir allt til þess að lífið í kringum þig blessist en vond ástarsambönd eru eitthvað sem þú átt alls ekki að berjast fyrir og lífið smellur fyrst saman hjá þér þegar þú nærð þér í sálufélaga. Þegar sú dásemd hefur fallið þér í skaut þarftu ekki að sýnast vera annar en þú ert og reyna að redda og bjarga deginum hjá öllum öðrum en þér. Þú færð svo dásamlegar fréttir óvænt sem breyta líðan þinni og innifalið í næstu mánuðum eru skilaboð um að fara ekki fram úr sér, fjárfesta ekki í einhverju sem getur drepið þig, fjárfestu frekar í hamingju og gleði en stórum dauðum efnislegum hlutum eða fasteignum sem geta bundið þig niður. Setningin þín er: Ég mun brjóta mig lausan.



♌ Ljónið
23. júlí–22. ágúst

## Ljónið

Elsku Ljónið mitt. Ég hef það yfirleitt fyrir reglu að gera ljónsmerkið síðast, þið eruð svo margslungin og ég hef aldrei fyrirhitt einfalt Ljón. Undanfarið hefur sú tilfinning verið hjá ykkur eins og þið séuð í Toys'R'Us og þá getur verið erfitt að velja hvað mann langar í, en þú ert samt búið að sortera svo mikið í kringum þig og skynja hvernig þú ferð að því að einfalda lífið.
Þessi mánuður sýnir þér hvernig þú nærð takmarki þínu til framtíðar, útkoman sem þú ert að leita að gæti samt komið í ljós í september eða október og þolinmæði er eitt sem þú ert ekki alveg að drepast úr, en það væri samt langbest að þú segðir við sjálfan þig: Ég er þolinmótt og allt kemur á hárréttum tíma. Þú greinir þig alltaf frá fjöldanum; þó helmingurinn af sálu þinni sé hellisbúi, þá skaltu halda í athyglisgleði því það gerir þig svo miklu fallegra. Notaðu þessa setningu: ég elska lífið, það verður alltaf betra. Ljónið sefur aldrei svo þín setning er: The Lion sleeps tonight.



♍ Meyjan
23. ágúst–22. september

## Meyjan

Elsku Meyjan mín. Það er aldeilis búið að vera mikið uppgjör á þessu ári. Þú ert búin að horfast í augu við það sem þú hræðist og skora hræðsluna á hólm. Það býr samt í þér efi um að þú hafir gert rétt, kannski hefðirðu ekki átt að taka svona stórar ákvarðanir til að standa með því sem þig langar til að gera. Þessi skilaboð eiga líka við um næstu fjóra mánuði, trúðu því og treystu, þó að þér finnist hlutirnir ekki auðveldir, að það besta sem þú gerir er að standa með sjálfri þér og þínum ákvörðunum. Þér er svo annt um orðspor þitt og hvað aðrir hugsa, en þú ert aldrei það sem aðrir hugsa. Þú ert og verður alltaf bara það sem er í þínum eigin huga, svo ef þú rífur þig niður fyrir það sem þú hefur valið, gefurðu sérstaklega færi á þér fyrir þá sem öfunda þig og bíta þig í hælinn. Þú ert að starta nýjum hlutum á haustmánuðum sem eru spennandi, fylla huga þinn af gleði og keppnisskapi og þú finnur betri tilgang. Setningin þín er: Hæ, hó jibbí jey, það er alltaf sautjándi júní.



♎ Vogin
23. september–22. október

## Vogin

Elsku Vogin mín, ef þú skoðar vogina þá er hún mælitæki, mælir jafn vel erfiðar tilfinningar og góðar tilfinningar og þér er það svo í sjálfsvald sett að hafa góðu tilfinningarnar miklu stærri en þær erfiðu. Þú hefur alla burði til að vera svo mikil fyrirmynd og forystusauður en samt er það ríkt í þér að láta skap og tilfinningar stoppa þig í þessu dásamlega ferðalagi sem er fram undan. Þegar þú verður pirruð, farðu þá út að hlaupa, farðu í bað, farðu í sund, gerðu allt sem róar þig, því þær eru mjög fljótar að eyðast í orkunni þinni þessar neikvæðu tilfinningar. Þú ert fædd hér á jörðinni til að vera kennari, það muntu sjá þegar líða tekur á lífið þitt, en núna ertu að fara inn í diskótímabil. Það verður mikil ljósadýrð, partý og gleði. Þar sem þú lítur alltaf svo dásamlega töff út, geturðu veitt til þín hvern sem þú vilt í ástinni, en að veiða og sleppa á ekki að vera takmarkið fyrir þig, krúttið mitt. Setningin þín: Ég er of sexý fyrir heiminn.



♏ Sporðdrekinn
23. október–21. nóvember

## Sporðdrekinn

Elsku hjartans Sporðdrekinn minn. Þú vilt láta skoðanir þínar svo skilmerkilega í ljós, en það er til fólk sem finnst það vera ókurteisi og þú ert svo heiðarlegur í öllu sem þú segir, en það er ekki þar með sagt að fólkinu í kringum þig finnist það skemmtilegt. Ef þú finnur það í hjartanu þínu að þú hafir móðgað einhvern, þá dregurðu þig til baka og átt það til að líða ömurlega. Í ástinni gefurðu engum séns nema þú sért fullviss um að hinn aðilinn sé hrifinn af þér, og þegar þú ert ákveðinn í að ná í einhvern þá er veiðimannseðlið þitt alveg upp á 10. Það er algengara en ella að þú vinnir sigur í ástinni ef þú hefur nennu til að hafa fyrir henni, því að þinn vilji er úr stáli og það er nú ekki auðvelt að komast í gegnum hann. Það er eins og allir Sporðdrekar hafi svo gamla sál og þegar hún er tengd við hugann þinn þá missirðu metnaðinn til að standa upp úr sem demantur í þessu mannsorpi. Setningin þín er: Í lífinu skemmti ég mér (Á skíðum skemmti ég mér, trallala la).



♐ Bogmaðurinn
22. nóvember–21. desember

## Bogmaðurinn

Elsku Bogmaðurinn minn, þegar þú ert ákveðinn og sýnir ákefð við að gera og breyta í kringum þig þá færðu flesta í lið með þér, en þegar þú sérð að þú þarft að gera flestalla hluti sjálfur og enginn er tilbúinn til að ýta þér áfram þá missirðu kraftinn. Ég hef skrifað tvær bækur; Orð eru álög, sem varð metsölubók, og Töfraðu fram lífið, sem varð ekki metsölubók, en þá keypti ég þúsund eintök af henni, og þá varð hún metsölubók. Þetta segir þér að þú þarft að treysta á þig og þínar hugmyndir og koma þér áfram af sjálfsdáðum, það er eina leiðin. Þessi skemmtilegi tími sem þú ert að fara inn í núna kennir þér að eflast og sýna öðrum hver er hinn sanni þú. Þú skorar á sjálfan þig að virkja líkamann og hugann og þú færð aukakraft til þess að búa til hina bestu útgáfu af þér. Ótrúlega góður tími er fram undan, þú ert að fara í rennibraut og þó þú vitir ekki alveg hvar hún endar eða hversu hratt þú ferð, slakaðu þá bara á og leyfðu því að gerast sem gerist. Setningin þín er: Stólaðu á mig.



♑ Steingeitin
22. desember–19. janúar

## Steingeitin

Elsku Steingeitin mín. Þú gerir þá kröfu til sjálfrar þín að hafa allt á hreinu svo enginn hafi neitt á þig, en þú verður að vita það að ef einhver vill ráðast á þig þá er sama hversu fullkomin þú ert – það er auðveldara að finna færi á þér en öðrum þó að það sé ekki sanngjarnt. Það er ekkert sanngjarnt í þessu lífi – það er bara hvaða afstöðu þú tekur þegar þú lendir í erfiðleikum? Það er best fyrir þig að láta eins og ekkert sé og halda áfram með þínum fítonskrafti þó það sé reynt að leggja stein í götu þína. Gerðu allt af einlægni fyrir þá persónu sem þú elskar, brjóttu odd af oflæti þínu og sýndu henni allan þann kærleika sem þú svo sannarlega býrð yfir. Þú þarft hins vegar ekki að monta þig af neinu, því það mun koma í ljós fyrir þá sem þurfa að vita, hversu mögnuð manneskja þú ert. Það hefur allt í lífinu tilgang og þú ert sterkasti tilgangurinn og þegar þú sérð það muntu blómstra eins og gullregnið á góðum degi. Setningin þín: Sem sigurvegari fæ ég allt.



♒ Vatnsberinn
20. janúar–18. febrúar

## Vatnsberinn

Elsku hjartans Vatnsberi, þinn helsti galli er að þú reynir að draga alla með þér, þú ert eins og naut með klafa á eftir þér sem fullt af fólki er hangandi í og það þrífst á þinni orku, en með einu handtaki geturðu hent þessum klafa af þér og þá endurnýjast þú og færð kraft til að vera hinn eini sanni Vatnsberi. Núna er þinn tími endurnýjunar, sjálfstæðis og sálarstyrkingar og þú hefur að eðlisfari svo mikla útgeislun og aðdráttarafl, já, á við hvaða súperstjörnu sem er, en þegar þú ert þreyttur og búinn á því þá sér enginn fallegu orkuna þína og þú kemur engu í framkvæmd. Þú ert gæddur einstökum hæfileikum til að láta öllum líða vel á heimilinu þínu og gera allt svo dásamlega kósý og þess vegna er það heimilið þitt sem nærir þig og ef þú vilt breyta lífinu hjá þér, byrjaðu þá að breyta heimilinu þínu eða herberginu þínu. En ekki safna hlutum allt í kringum þig. Setningin þín er: Ég er furðuverk (Rut Reginalds).



♓ Fiskarnir
19. febrúar–20. mars

## Fiskur

Elsku Fiskurinn minn. Þú ert þín eina fyrirstaða ef einhver fyrirstaða er að mæta þér, en þú ert snillingur í að búa til ímyndað vesen og gætir búið til heilu leikritin sem væru sett upp í Þjóðleikhúsinu um framtíð þína. Stress er það eina í lífinu sem gæti drepið þig og þú þarft að segja við sjálfan þig: Ég er í fullkomnu jafnvægi og allt er yndislegt. Eftir því sem þú segir þetta oftar og lokar á þennan að mörgu leyti ofvirka huga þinn, þá er engin hindrun lengur til staðar. Og þegar kvíðahugsanir fylla andrúmsloftið þitt skaltu tala við sjálfan þig eins og hund og segja: NEI og setja inn aðra hugsun, horfa jafnvel á eitthvað sem skiptir engu máli og „afruglar“ höfuðið á þér og þá verðurðu sterkari og sterkari með hverju andartaki því þú hefur þann einstaka hæfileika að halda að þú búir í framtíðinni og ekki núinu. Haustið kemur siglandi til þín eins og skemmtiferðaskip, eitthvað nýtt á hverjum fermetra sem þú gengur um, þarna verðurðu í essinu þínu. Setningin þín: Ég er glaðasti hundur í heimi.

BÍLMAGNARAR FERÐATÆKI MAGNARAR BÍLTÆKI
HÁTALARAR SJÓNVÖRP ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR MP3 SPILARAR ÚTVÖRP
DVD SPILARAR
BÍLHÁTALARAR
HEYRNARTÓL
MYNDAVÉLAR
HLJÓMBORÐ
REIKNIVÉLAR

# RISA ÚTSALA

MEIRA EN 2000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

## ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

UPPÞVOTTAVÉLAR ELDAVÉLAR ÍSSKÁPAR HÁFAR
HELLUBORÐ OFNAR FRYSTIKISTUR SAMLOKUGRILL
HRÆRIVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR ÞVOTTAVÉLAR
KAFFIVÉLAR BLANDARAR ÞURRKARAR
VÖFFLUJÁRN STRAUJÁRN
RYKSUGUR

**NOKKUR VERÐDÆMI**

**Útlitsgallaðar vörur og síðustu eintök með miklum afslætti**
Sjónvörp frá Philips, Panasonic og LG á frábærum verðum
**Whirlpool spansuðu helluborð frá 34.995**
65“ LG 4K snjallsjónvörp frá 149.995
**Örbylgjuofnar frá 6.990, allt að 30% afsláttur**
Vestfrost þvottavélar með íslensku stjórnborði frá 29.995
**Whirlpool bakaraofnar með blæstri frá 29.995**
Philips kaffivélar sem sjóða vatnið með 25% afslætti
**Barkalausir þurrkarar frá 34.995**
Pottar, pönnur og búsáhöld með 30-50% afslætti
**Panasonic þjófavarna- og myndavélakerfi með 40% afslætti**
Soundbar heimabíó í miklu úrvali frá Philips,
LG og Panasonic. Verð frá 14.995
**Whirlpool stál uppþvottavélar frá 49.995**
Philips ryksugur frá 12.995 - allt að 35% afsláttur

**TAKMARKAÐ MAGN**

*Fyrstur kemur – fyrstur fær!*

*Sjá allt úrvalið á ht.is*

**ATH!**

Lokað um verslunarmannahelgina.
Opið á ht.is!

**Heimilistæki**
www.ht.is

SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS LG Panasonic DENON UNITED BEKO scan domestic
wilfa Melissa Ariete elna VESTFROST exido MEDISANA Whirlpool DeLonghi DAEWOO






## Föstudags-playlisti Lífsins

## Ágúst Bent

RAPPARI

Bent gaf í vikunni út lagið OJ og myndband með því. Bent verður áreiðanlega ákaflega kátur í kvöld að hlusta á þennan „fáránlega „random““ lagalista sem við í Lífinu fáum að birta hér í tilefni þess að nú loksins er kominn föstudagur. Njótið vel.

Föstudagsplaylista Lífsins má einnig finna á Spotify undir notandanafninu Vísir.

PLAY FOLLOW

| LAG | FLYTJANDI |
|---|---|
| Drift | Towkio |
| Gummy | BROCKHAMPTON |
| Effortless | A-Wax |
| Oh Shit!!! | Injury Reserve |
| You Came to Party | Too $hort |
| Made in China | Higher brothers, Famous Dex |
| Watch Me | Gucci Mane |
| 1st Day Out Tha Feds | Beyoncé |
| Paradise City | Mike Zombie |
| Endz | Snowy Danger, Nico Lindsay |



York segir að innrásin sé öfug Vesturför – nema með gríni í ferðanesti frekar en ólukku. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARÍNÓ

# Koma með grín frekar en ólukku

Í kvöld koma fram tveir færustu grínistar Kanada, þau Steve Patterson og Erica Sigurdson. Þau koma í boði York Underwood en hann hefur verið búsettur hér um skeið og grínast slatta fyrir Íslendinga.

Þetta eru tveir kanadískir grínistar, Steve Patterson og Erica Sigurdson, sem eru að koma til Íslands og við ætlum að skella í uppistandssýningu á Hard Rock Café í kvöld," segir kanadíski grínistinn York Underwood sem heldur The Canadian Comedy Invasion, eða kanadísku grín-innrásina, í kvöld á Hard Rock Café. York hefur verið búsettur hér á landi í nokkurn tíma og grínast hér og þar – fór meðal annars á kostum í Loga í beinni eins og margir muna kannski eftir.

Hvaða fólk er þetta sem ætlar að ráðast inn í landið með gríni?

„Steve Patterson er stórt nafn í kanadísku grínsenunni og er umsjónarmaður þáttarins The Debaters á CBC Radio – það er svona kanadíska útgáfan af RÚV. Erica Sigurdson er, eins og nafnið bendir til, íslensk! Eða hún er komin af Íslendingum og á sínar rætur hér á landi. Hún vann líka titilinn besti kvenuppistandarinn á kanadísku grínverðlaununum. Það er í raun bara heppileg tilviljun að þau eru að koma, eða kannski ekki alveg tilviljun – ég er búsettur á Íslandi og þau langaði að sýna hér þannig að þau höfðu samband við mig, umboðsskrifstofan mín hafði samband við Hard Rock og þetta small allt saman svo að nú erum við að fara að setja upp sýningu!"

**ÍSLENDINGAR KOMU TIL KANADA SNEMMA Á TUTTUGUSTU ÖLDINNI OG NÚ ER RÖÐIN KOMIN AÐ KANADAMÖNNUM AÐ KOMA YFIR, OG VIÐ KOMUM MEÐ GRÍN MEÐFERÐIS FREKAR EN ÓLUKKU.**

York segir að Steve sé gríðarlega þekktur í heimalandinu, sérstaklega meðal fólks sem hlustar á útvarp, segir að hann sé eins konar Sóli Hólm þeirra Kanadamanna þegar blaðamaður innir hann eftir íslenskum samanburði. Erica er þekktari í „stand-up" heiminum, en þar er hún eitt þekktasta nafn Kanada. Bæði voru þau spennt fyrir því að koma hingað og verður þetta í fyrsta sinn sem þau koma til landsins.

„Þetta er stórgott tækifæri fyrir Íslendinga að kynnast kanadísku gríni. Stærsti hópur Íslendinga utan Íslands er búsettur í Kanada – það eru alveg 95 þúsund afkomendur Íslendinga í Kanada. Íslendingar komu til Kanada snemma á tuttugustu öldinni og nú er röðin komin að Kanadamönnum að koma yfir, og við komum með grín meðferðis frekar en ólukku," segir York kíminn.

„Erica hlýtur að segja nokkra brandara um Íslendinginn í sér og hún talar smá íslensku. Hún kemur með mynd með sér af húsi sem langamma hennar átti hér á landi og ætlar sér að reyna að finna það," segir York, en við skulum vona að húsið sé á höfuðborgarsvæðinu, annars gæti leitin orðið löng fyrir frænku okkar hana Ericu.

Uppistandið fer fram í kvöld klukkan hálf níu í kjallara Hard Rock Café þar sem er búið að setja upp nokkuð góðan grínklúbb.

**stefanthor@frettabladid.is**




**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

-16 KR.
Í DAG
HJÁ OLÍS OG ÓB

# FJÓRFALDIR VILDARPUNKTAR ICELANDAIR

hjá Olís og ÓB alla verslunarmannahelgina, 4.–7. ágúst

ICELANDAIR

Vinur við veginn síðan 1927

olís

FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5000 Vísir
Ritstjórn 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild auglysingar@frettabladid.is Prentun Ísafoldarprentsmiðja
ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.
Póstdreifing Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

BAKÞANKAR

Maríu Bjarnadóttur



# Helgarboðskapur

Það er gott að vera mikilvægur, en það er mikilvægara að vera góður. Þetta merkingarþrungna spakmæli hefur verið eignað þýska samtímaskáldinu Scooter á síðari árum.

Stutt internetrannsókn staðfestir þó grun um að um er að ræða gömul sannindi og ný og að fjölmargir hafi hugsað og skrifað á sömu nótum og Scooter löngu fyrir hans tíð. Óvissan um upphafsmanneskju spakmælisins dregur þó ekkert úr sannleiksgildi þess. Svona sígild viska á alltaf við, en ekki síst þegar fjöldi fólks kemur saman eins og er fyrirsjáanlegt um komandi verslunarmannahelgi.

Hér er hvatning til okkar allra til þess að taka með í helgina, hvort sem við verjum henni í brekkunni á Þjóðhátíð eða í göngu á hálendinu: verum næs við hvort annað.

Sýnum þolinmæði í umferðinni. Sleppum því að taka fram úr á þröngum malarvegum. Útskýrum rólega fyrir útlendingunum hvernig þurfi að þvo sér í sturtunni áður en þau fara í sund. Ekki öskra á þau, skamma, eða gera grín að þeim þegar þú ert komin ofan í pottinn. Þökkum afgreiðslufólki í vegasjoppum fyrir viðskiptin þó að þau setji óvart sinnep á pulsuna. Það er erfitt að afgreiða 600 pulsur á dag.

Ekki halda vöku fyrir hinu fólkinu á tjaldsvæðinu með Bubbaþema í gítarpartíi alla nóttina, bjóddu þeim frekar að koma og taka undir. Sleppum því að fara í slag við vitleysinginn sem treðst fram fyrir á tónleikunum, kvörtum heldur undan honum svo að honum verði hent út. Og reynum, eins og við lífsins mögulega getum, að sleppa því að nauðga öðru fólki. Það væri alveg frábært. Þetta gildir óháð ölvunarstigi þeirra og okkar sjálfra.

Góða helgi!







